



Fálkaskátar úr skátafélaginu Mosverjum í Mosfellsbæ plokkuðu dagott magn af rusli við Vesturlandsveg í gær. Þau fengu að velja sér samfélagsverkefni og varð plokkið fyrir valinu. Krakkarnir gengu fram og til baka meðfram veginum frá Mosfellsbæ til Reykjavíkur, þau pössuðu afar vel upp á öryggið og klæddust öll gulum endurskinsvestum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Um fimm prósent opinberra útgjalda fóru í einkarekstur

Útgjöld hins opinbera í einkarekna heilbrigðisþjónustu námu 10,5 milljörðum árið 2019, það eru 4,7 prósent af heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála. Samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2020 er hlutfallið svipað en inni í tölunum eru til að mynda allar skurðaðgerðir og röntgen- og blóðrannsóknir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands og ársreikningum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) námu útgjöld ríkisins til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu 10,5 milljörðum króna árið 2019. Það eru um 4,7 prósent af heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála það árið, sem námu 225 milljörðum króna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 2020 var hlutfallið enn lægra eða um 4 prósent af heildarútgjöldum. Alls greiddi ríkið 11,4 milljarða til sérfræðilækna árið 2020 en inni í þeirri tölu eru um 400 milljónir sem SÍ greiða til Landspítala fyrir til dæmis blóðprufur. Heilbrigðisútgjöld ríkisins árið 2020 námu samtals 248 milljörðum króna.

Komur til stofulækna eru á sama tíma álíka margar og til Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins samanlagt. Um er að ræða um 500 þúsund komur á ári og kostar hver heimsókn því ríkið um 20 þúsund krónur. Inni í þessum tölum eru til að mynda allar skurðaðgerðir, speglanir og röntgen- og blóðrannsóknir.

„Þjónusta sérgreinalækna er ákaflega ódýr í bæði innlendu og erlendu samhengi. Sé hún til dæmis borin saman við göngudeildarþjónustu Landspítalans og heimsóknir á heilsugæslu, erum við ódýrari samkvæmt rannsókn sem Læknafélagið gerði fyrir nokkrum árum,“ segir Ragnar Freyr Ingvarsson, gigtar-

» Alls greiddi ríkið 11,4 milljarða til sérfræðilækna árið 2020.

læknir hjá Klíníkinni í Ármúla.

„Ef mín grein er skoðuð sérstaklega, þá kostum við um fjórðung af því sem er greitt fyrir sambærilega þjónustu í Halmstad-léni í Svíþjóð og bara þriðjunginn af því sem er borgað fyrir sambærilega þjónustu hjá NHS-kerfinu í Bretlandi,“ segir Ragnar.

Spurður hvað valdi þessum mun segir Ragnar það vera minni umsýslukostnað.

„Í mínu fyrirtæki er ég framkvæmdastjórinn. Allir meðeigendur mínir eru læknar á gólfinu sem sinna þjónustunni. Við sinnum öllu skrifræði sjálf, handleikum allar upplýsingar, gerum öll vottorð og skrifum öll bréf, þannig að umsýslukostnaðurinn er nær enginn,“ segir Ragnar og bætir við að gæta þurfi útsjónarsemi í einkarekstri.

„Það má í beinu framhaldi spyrja sig: Af hverju erum við að þessu? Þar skiptir sjálfþæði öllu máli. Að fá að stýra sjálfur sinni þjónustu við sjúklinga eftir því hvernig maður vill veita hana. Það er þess vegna sem við reukum stofur. Ég vil geta stjórnað því hvernig mínir sjúklingar geta náð í mig.“ – mhj

## Óvissa ríkir um lykilmennina

**FÓTBOLTI** Ekki liggur fyrir hvort Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Rúnar Alex Rúnarsson og Jón Daði Böðvarsson geti tekið þátt í fyrsta verkefni Arnars Þórs Viðarssonar og Eiðs Smára Guðjohnsen sem þjálfara íslenska karlalandsliðsins. Þjálfarateymið segist ánæggt með líkamlegt ástand leikmannanna.



Gylfi Þór Sigurðsson

Eftir slétta viku hefst vegferð íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í átt að því að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistarameðalsins sem haldið verður í Katar í desember á næsta ári.

Þá mætir íslenska liðið Þýskalandi sem hefur fjórum sinnum orðið heimsmeistari í Duisburg. Um er að ræða tímamótaleik í sögu landsliðsins. – hó / sjá síðu 18

Mmm ...  
ananas  
bestur núna!

Krónan  
mælir með!

KRÓNAN





Þjóðleikhúsið er opið að nýju.  
MYND/HORDUR SVEINSSON

## Leikmyndirnar geymdar í gámi

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðleikhúsið hefur fengið leyfi fyrir 40 feta gámi sem á að geyma leikmyndir norðan megin við leikhúsið á lóð númer 13 við Sölvhólsgötu.

Ekki kemur fram hvaða leikmyndir fá ekki inni í leikhúsinu sjálfu en Þjóðleikhúsið frumsýndi Kafbát, nýtt barnaleikrit, í Kúlunni auk þess sem Kardemommubærinn gengur fyrir eins fullu húsi og leyft er. Þá styttist í Nashyrningana sem er eitt frægasta verk hins fransk-rúmenska leikskálds Ionescos.

Byggingarfulltrúi samþykkti umsókn Þjóðleikhússins á fundi sínum í vikunni eftir að hafa farið yfir tölvupóst frá því og fengið samþykki lóðarhafa í byrjun mánaðarins. Borgaði leikhúsið 12 þúsund krónur fyrir að fá leyfið. – bb

## Riðið út í blíðunni



Þessar vinkonur skemmtu sér konunglega í gær þegar þær riðu út í Mosfellsbæ. Blíðskaparveður lék við borgarbúa í gær þrátt fyrir úrhellisrigningu á köflum og ætla má að fjöldi fólks noti veðrið næstu daga til útivistar. Gera má ráð fyrir tveggja stafa hitatölum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Segja það ekki áhættunnar virði að hafa börnin áfram í skólanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Foreldrar barna í Fossvogsskóla telja það ekki áhættunnar virði að börnin þeirra verði áfram í skólanum á meðan ekki hefur verið ráðin bót á ástandi hans. Foreldrarnir lýsa yfir þungum áhyggjum af ástandi skólans og óttast mjög áhrif myglumengunar á börnin sín. Svo segir meðal annars í áskorun foreldra til Reykjavíkurborgar. Stafrænn undirskriftalisti var látinn ganga og höfðu yfir 200 manns skrifað undir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í áskoruninni segir enn fremur að undanfarið hafi börn veikt af völdum myglumengunar og valdi veikindin þeim mikilli vanlíðan. „Mörg börn geta ekki mætt í skólann vegna þessa og í öðrum tilvikum hafa foreldrar fært börnin sín í aðra skóla,“ segir í áskoruninni.

Foreldrar barna við skólann harma að ekki hafi tekist að uppræta myglu í skólahúsinu á þeim tveimur árum sem unnið hefur

Foreldrar barna í Fossvogsskóla skora á borgaryfirvöld og stjórn skólans að setja heilsu barna þeirra í forgang.

verið í málinu. Þau telja það einsýnt að grípa þurfi til víðtækra aðgerða til að tryggja að börnum sem stunda skyldunám við Fossvogsskóla og starfsfólki sé ekki boðið upp á dvöl í heilsuspillandi húsnæði.

Foreldrarnir skora á borgarstjóra, borgarfulltrúa, stjórnendur Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og stjórnendur Fossvogsskóla að setja heilsu barna og starfsfólks skólans í algjöran forgang. Hefja þegar í stað framkvæmdir til að uppræta mygluna og sjá til þess að fundið verði annað húsnæði fyrir skólastarfið meðan á framkvæmdum stendur. – bb

# Hundar fá dagpössun á hóteli á Esjumelum

Sótt er um lóð á Esjumelum undir hóteli og dagpössun fyrir hunda. Þörfin er sögð mikil. Hundafrömuður segir líklegt að hundar eigi erfitt með aðlagast því að eigendur fari aftur út fyrir heimilið til vinnu og skóla eftir COVID-19.

**GÆLUDÝR** „Okkur finnst þetta vanta,“ segir Ragnheiður Arnardóttir sem með eiginmanni sínum, Rúnari Róbertssyni, óskar eftir lóð frá Reykjavíkurborg undir hunda-hóteli á Esjumelum.

Samhliða hótellekstrinum er ætlunin að bjóða dagpössun fyrir hunda. Ragnheiður, sem á hund sjálf og hefur farið með hann á sýningar, segir slíka dagpössun ekki hafa boðist að undanförunu. „Ef þú vinnur langa daga og það er enginn annar heima væri sniðugt að hafa svona í boði,“ segir hún.

Að sögn Ragnheiðar er ráðgert að pláss verði fyrir um fjórutíu hunda á hótelinu. Staðsetningin á Esjumelum í jaðri höfuðborgarsvæðisins sé fullkomin. Rúmt geti orðið um starfseminu og hún trufla ekki inni í borginni. „Ég myndi alveg gera mér þessa ferð til að koma hundinum mínum á góðan stað þar sem ég veit að það er vel hugsað um hann, jafnvel þó það sé bara yfir daginn.“

Guðfinna Kristinsdóttir, forstjóri gæludýraleitarforritsins Dýrfinnu, stjórnandi Hundasamfélagsins og stjórnarmaður í bæði Félagi ábyrgra hundaeigenda og Dýraverndarsambandi Íslands, skrifar umsógn með umsókn Ragnheiðar. Þar bendir hún á að COVID-19 hafi haft þau áhrif að margir hafi verið heimavinnandi og eftirspurn eftir hvolpum hafi á þessum tíma verið langt umfram framboð.


„Undir venjulegum kringumstæðum er áætlað að um 22 til 55 prósent hunda þjáist af aðskilnaðarkvíða að einhverju leyti. Þar afleiðandi eru miklar líkur á því að hundar sem alast upp með heima-vinnandi eigendum muni eiga erfitt með breytinguna þegar fólk fer



Ragnheiður Arnardóttir með ástralska fjárhundinn Bratt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Undir venjulegum kringumstæðum er áætlað að um 22 til 55 prósent hunda þjáist af aðskilnaðarkvíða að einhverju leyti.

Guðfinna Kristinsdóttir, stjórnarmaður í Félagi ábyrgra hundaeigenda og Dýraverndarsambandi Íslands



aftur út á vinnumarkaðinn,“ skrifar Guðfinna.

Kveðst Guðfinna telja að nú sé rétti tíminn fyrir dagpössun fyrir hunda. Fólk þurfi að sjá til þess að hundar aðlagist breyttum heimilisaðstæðum. Til þess að draga úr

hættu á að fólk finni dýrunum nýtt heimili sé nauðsynlegt að í boði sé að setja hundana í dagpössun.

„Sem aðili með mikla reynslu af hundamenningu Íslands þá get ég staðfest það að það er bæði vöntun á þessu úrræði innan höfuðborgarsvæðisins og þetta yrði mjög jákvætt framfaraskref í hundamenningu Íslands,“ skrifar Guðfinna.

Ragnheiður segist hafa kynnt sér hjá MAST þær kröfur sem gerðar séu til reksturs hundahótela og munu uppfylla þær. Þótt rekstrar-ættlanir liggi fyrir hafi teikningar af væntanlegu hundahóteli ekki verið gerðar. Beðið verði með þann kostnað þar til ljóst sé að lóð fái. Hún sé bjartsýn á að það gangi eftir.

„Okkur finnst þetta ótrúlega spennandi. Ef við fáum ekki þessa lóð þá finnum bara einhverja aðra.“ gar@frettabladid.is

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# BIOEFFECT

BIOEFFECT  
20%  
AFSLÁTTUR  
ALLAR VÖRUR

## BIOEFFECT dagar 18.-21. mars\*

Glæsilegur kaupauki að verðmæti 10.000 kr. ef verslað er fyrir 15.000 kr. eða meira. Frí rakamæling í Lyf & Heilsu í Kringlunni laugardag og sunnudag kl. 12-17.

\*Aðeins í Lyf & Heilsu Kringlunni og Glerártorgi.



 Lyf & heilsa



# Tólf gefa kost á sér en aðeins sjö sæti eru í boði í stjórn Varðar

**STJÓRN MÁL** Kosið verður í stjórn Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, á aðalfundi félagsins í dag. Tólf gefa kost á sér til setu í sjö manna stjórn félagsins. Jón Karl Ólafsson, formaður stjórnarinnar er þó einn í formannskjöri.

Fulltrúaráðið tekur ákvörðun um hvaða aðferð verður notuð um röðun á lista fyrir alþingiskosningar. Nokkrir framámenn í flokknum munu bitast um forystuna í Reykja-

vík, þar á meðal ráðherrarnir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson. Sá síðarnefndi hefur haft mikil ítök í innra starfi flokksins í Reykjavík undanfarninn áratug.

Þótt ekki liggi fyrir hvernig raðað verði á lista í Reykjavík segja þeir sem Fréttablaðið ræddi við nánast óhugsandi að uppstilling verði fyrir valinu og ráðherrunum tveimur stillt upp í oddvitasætum hvorum í



Valhöll, höfuðstöðvar sjálfstæðismanna við Háaleitisbraut.

sínu kjördæminu. Mikil prófkjörshefð er í flokknum og prófkjörsreglur nokkuð vel mótaðar.

Þótt eitthvað hafi verið rætt um möguleika á rafrænu prófkjöri telja heimildarmenn blaðsins litlar líkur á að sú leið verði farin enda ítrekað verið ályktað gegn slíkum leiðum á landsfundum flokksins. Þá hefur verið á það bent að fulltrúaráð Varðar geti ekki ákveðið að fara slíka leið þar sem hún kalli á brey-

tingar á prófkjörsreglum flokksins. Slíkar breytingar þyrfti Miðstjórn flokksins að samþykka.

Fundurinn hefst klukkan ellefu í dag og kosning stendur fram eftir degi. Meðal þeirra sem gefa kost á sér í stjórnina eru Ólöf Skaftadóttir, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, og Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Niðurstöður kjörsins verða kynntar í kvöld. – áá

## Biðja MDE um lengri frest til að ná sáttum

**DÓMSMÁL** Embætti ríkislögmans hefur óskað eftir lengri fresti til að ná sáttum í sautján af átján málum sem eru til meðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) og byggja á sömu málsástæðum og Landsréttarmálið.

MDE setti málin í sérstakt sáttafærlí en náist sáttir ekki fara þau til hefðbundinnar efnismeðferðar hjá dómstólum.



Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður.

Í erindum, sem ríkislögmanni og kærendum málanna bárust frá MDE rétt fyrir jól, er vísað til þess að skýrt dómafordæmi liggi nú fyrir og nái málsaðilar ekki sáttum fyrir 16. mars fari málið til hefðbundinnar efnismeðferðar og dómsálagningar á grundvelli fyrirbyggjandi dómafordæmis.

Á meðal þeirra mála sem um ræðir eru mál Jens Gunnarssonar lögreglumanns sem dæmdur var í 15 mánaða fangelsi fyrir alvarlegt brot í starfi í Landsrétti árið 2018, mál Atla Helgasonar sem synjað var um endurheimt lögmansréttinda sinna sama ár. Þá eru þrjú umræddra mála sprottin af dómum fyrir kynferðisbrot og fimm af dómum fyrir líkamsárásir.

» Kveðnir verða upp dómur í málunum í Strassborg náist ekki sáttir.

Í svari ríkislögmans við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að embættið vænti þess þess að dómstóllinn veiti frest fram yfir miðjan næsta mánuð til að freista þess að ljúka málunum með sátt. – áá

# Hyggjast stórbæta aðgengi að náttúruperlum á Austurlandi

Sveitarstjóra Múlaþings hefur verið falið að koma á samtali við Vegagerðina eftir að verkefnastjóri Austurbrúar benti á að hægt væri að bæta aðgengi að náttúruperlum Austurlands, meðal annars að Stuðlagili, með vegabótum. Malbika þarf allan hringinn til að svokallaður demantsvegur myndist.

**AUSTURLAND** „Þetta er eiginlega okkar gullni hringur hér á Austfjörðum því það eru ótrúlega margar perlu á þessari leið,“ segir María Hjálmaradóttir, verkefnastjóri Austurbrúar, en hún sendi tölvupóst til byggðarráðs Múlaþings þar sem hún leggur til að bætur verði gerðar á veginum frá Kárahnjúkastíflu að Jökuldal á Brú.

Á umræddum vegi er meðal annars Stuðlagil, Magnahellir, Laugafell og Hafrahvammagljúfur en einnig hinir stórkostlegu Litlanesfoss og Hengifoss svo fátt eitt sé nefnt. Laugavalladalur er svo perla sem ekki allir vita af en fleiri ættu að kannast við Kárahnjúkastíflu.

María segir að það sé ekki mikil framkvæmd að laga veginn því það sé bundið slitlag að stíflunni. „Þetta er mjög spennandi og mikil tækifæri því það er búin að vera mikil uppbygging á þessu svæði.“

Þetta opnar mikla möguleika á að geta farið þennan hring í staðinn fyrir að stoppa og snúa við. Það er malbikað að stíflunni og það þarf því ekki mikið til að gera leiðina í raun frábæra og færa öllum bílum.

Byggðarráð Múlaþings tók vel í erindi Maríu og fól Birni Ingimarsyni sveitarstjóra að koma málinu á framfæri við Vegagerðina.

María segir að þó verið sé að huga að bílum í þessari tillögu séu margar fallegar gönguleiðir nánast í túnfætinum. „Til dæmis fossahringurinn frá Óbyggðasetrinu og upp að Laugafelli. Hengifoss fékk styrk til að byggja þjónustuhús og betri aðstöðu úr framkvæmdasjóði ferðamanna. Stuðlagil fékk líka úthlutað.“

Hún segir að til að gera aðgengið enn betra þurfi Vegagerðin að koma



Um 50 þúsund gestir birtust í Stuðlagili í fyrra og varð gilið að tiskustað Íslendinga á ferðalögum. MYND/SUNNA KAREN

» Ég held að það sé hljómgrunnur fyrir þessu og vonandi byggist þetta upp á góðan hátt.

María Hjálmaradóttir verkefnastjóri



með í verkefnið og hún er glöð yfir að verkefnið sé komið af stað og sé í farvegi. „Þetta er komið í ferli og við höfum átt gott samtal við Vegagerðina á síðasta ári um uppbyggingu varðandi Stuðlagil og um þennan hringveg. Ég held að það sé hljómgrunnur fyrir þessu og vonandi byggist þetta upp á góðan hátt.“

María segir að verði hugmyndin um bætta veg að veruleika muni fleiri stoppa til dæmis í Laugavalladal sem sé jákvætt en geti einnig verið neikvætt eins og gífurleg

umferð um Stuðlagil sýndi. „Dalurinn þolir ekki mikinn átroðning eins og er. Með tilkomu Stuðlagils er að myndast pressa á Vegagerðina því það er talsverð umferð þangað.“

Þetta á að vera gerlegt því þarna eru að mestu þurrir melar og ef þetta yrði gert rétt og samtalið við alla hagsmunaaðila er gott þá sé ég skemmtilegt tækifæri á skemmtilegri ferðaleið fyrir gesti enda vilji allra að hafa innviði í lagi og vegirnir séu öruggir,“ segir María. benediktboas@frettabladid.is

## ALVÖRU JEPPIAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF JEEP® GRAND CHEROKEE BREYTTIR OG ÓBREYTTIR

jeep.is



35" BREYTTUR

33" BREYTTUR

ÓBREYTTUR

JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK – VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI

- LOFTPÚÐAFJÓÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLIFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓÐ MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN ÖPNUN Á AFTURHLERA

- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLAST/EDAÐSTÖÐ
- FJARLÆGÐASKYNNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

ALLAR BREYTINGAR UNNAR AF BREYTINGARVERKSTÆÐI ÍSBAND

ISBAND

UMBODSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep







# LÚXUS VÍNYLPARKET

MEÐ ÁFÖSTU UNDIRLAGI  
Í BESTA GÆÐAFLOKKI  
POLIR MJÖG MIKIÐ ÁLAG

VERÐ FRÁ 3.990 kr. m<sup>2</sup>



**Birgisson®**



100% vatnshelt

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)





Skráðum fikniefnabrotum fjölgaði milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjölgun skráðra kynferðisbrota

**LÖGREGLUMÁL** Alls skráði lögreglan 23 kynferðisbrot í febrúar en þau voru 69 talsins í janúar. Það sem af er ári hafa verið skráð 29 prósentum fleiri kynferðisbrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili síðustu þrjú ár. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir febrúar 2021.

Alls voru skráð 646 hegningargabrot á höfuðborgarsvæðinu í febrúar og fækkaði þessum brotum á milli mánaða. Tilkynningum um þjófnaði fækkaði töluvert á milli mánaða sem og tilkynningum um innbrot. Mestu fækkunina var að sjá á tilkynningum um innbrot í fyrirtæki eða stofnanir og innbrot í ökutæki.

» Fimm stórfelld fikniefnabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu í febrúar.

Álika margar tilkynningar um heimilisofbeldi bárust lögreglunni í febrúar og í janúar en það sem af er ári hafa borist um 25 prósentum fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali á sama tímabili síðastliðin þrjú ár á undan. Tilvikum þar sem lögreglumáður var beittur ofbeldi fjölgaði á milli mánaða líkt og tilvikum þar sem lögreglumanni var hótad ofbeldi.

Skráðum fikniefnabrotum fjölgaði á milli mánaða og voru fimm stórfelld fikniefnabrot skráð á höfuðborgarsvæðinu í febrúar. Tilkynningum þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fikniefna fækkaði á milli mánaða líkt og tilkynningum þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. – bb



Meðalfjöldi plastagna í fýl var 6,2.

## Fundu plast í maga fýlanna

**UMHVERFISMÁL** Um 68 prósent fýla sem rannsakaðir voru á vegum Umhverfisstofnunar voru með plast í meltingarvegi. Alls fundust 154 plastagnir í maga fýlanna. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Meðalfjöldi plastagna í hverjum fýl árið 2020 var 6,2 agnir en mesti fjöldi í einum fugli var 64 plastagnir. Árið á undan var meðaltal plastagna í hverjum fýl 7,2.

Frá því árið 2018 hefur verið safnað 121 fýl til plastrannsóknna hér á landi og af þeim hafa 67 prósent verið með plastagnir í meltingarvegi. Plastmagn í maga fýla er notað til að meta magn plasts á yfirborði sjávar. – bj

## Átta létust í Atlanta



Lögreglan í Atlanta í Bandaríkjunum rannsakar nú árásir sem gerðar voru á þrjár heilsulindir í borginni í fyrrakvöld þar sem átta voru skotin til bana. Keisha Lance Bottoms, borgarstjóri Atlanta, greindi frá því í gær að hinn 21 árs gamli Robert Aaron Long hefði verið á leiðinni til Flórída þegar hann var handtekinn. Upphaflega var talið að um hatursglæp væri að ræða en í gær var greint frá því að svo væri ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Árbæjarlón áfram á skipulagi þótt ekki megi fylla það á ný

Orkuveitan telur sig ekki mega fylla Árbæjarlón. Skipulagsfulltrúi segir lónið hins vegar áfram inni á skipulagi og því þurfi ekki að svara athugasemdum Skipulagsstofnunar um breytingu á farvegi Elliða-anna. Stýrihópur vinnur að tillögum um málið og talsmaður OR segir fyrirtækið biða spennt eftir þeim.

**SKIPULAGSMÁL** Ekki kemur til greina að svo stöddu að Orkuveitan verði við kröfum sem fram hafa komið og endurskoði ákvörðun sína um að Árbæjarlón verði ekki fyllt fram. Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík segir hins vegar gert ráð fyrir lóninu áfram á svæðinu.

„Eftir að ákvörðun var tekin um að hætta rekstri Elliðaárstöðvar í desember 2019 féllu heimildir til að reka lón úr gildi. Þar með bar OR skylda til þess að tæma lónið. Rekstur lónsins er háður heimildum og þær eru ekki lengur fyrir hendi,“ segir Breki Logason, sérfræðingur í samskiptamálum hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Aðspurður hvort farið verði í aðgerðir til að fegra stæði Árbæjarlónsins segir Breki að samhliða tæmingu lónsins hafi verið farið í það að slá fræslægju á bökkum þess og dreifa yfir stæði. Með þessu sé verið að flýta fyrir náttúrulegri framvindu og laga ásýndina. „Um er að ræða aðferð sem hefur verið notuð á okkar athafnasvæðum með góðum árangri,“ útskýrir Breki.

Þá segir Breki mikilvægt að hafa í huga að stofnaður hafi verið stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar með fulltrúum íbúa í Árbæ og Breiðholti, Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur. Hlutverk hópsins sé að leggja fram tillögur um hvernig best sé að skila dalnum nú þegar lónið hafi verið tæmt og vinnslu rafmagns hætt. Tillögur hópsins eigi að liggja fyrir áður en maí sé á enda.

„Hópnum ber að horfa til Elliðaárdals í heild sinni og í víðu samhengi með tilliti til verndunar laxastofnsins í ánum, en einnig til fuglalífs og annarrar náttúru og



Árbæjarlón er tómt en stíflan sjálf sem er friðuð þjónar borgarbúum enn sem samgönguæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mannlífs,“ segir Breki. „Metnaður Orkuveitu Reykjavíkur stendur til þess að ganga vel frá í dalnum og þakka fyrir 100 ára nytjar ána. Við munum því vinna af áhuga með stýrihópnum og biðum spennt eftir tillögum hans.“

Þó að lónið hafi verið tæmt stendur stíflan sjálf eftir. „Við biðum eftir tillögum stýrihópsins. Hafa verður í huga að stíflan er friðuð,“ svarar Breki þeirri spurningu hvort hugsanlegt sé að stíflan verði fjarlægð.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur nú lagt fram svör vegna ýmissa athugasemda Skipulagsstofnunar við skipulagsmál í Elliðaárdal. Lutu þau meðal annars að breytingum á farvegi Elliðaanna

**Rekstur lónsins er háður heimildum og þær eru ekki lengur fyrir hendi.**

Breki Logason, sérfræðingur í samskiptamálum hjá Orkuveitu Reykjavíkur



eins og fram kom í Fréttablaðinu 4. mars síðastliðinn. „Í greinargerð kemur fram að Árbæjarlón sé eitt helsta sérkenni svæðisins. Að gefnu tilefni bendir Skipulagsstofnun

á að standi til að gera varanlega breytingu á lóninu með varanlegri opnun fyrir rennsli í gegn um stíflu þarf að gera grein fyrir því og umhverfisáhrifum þess í deiliskipulaginu,“ sagði í athugasemd Skipulagsstofnunar.

„Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að lónið verði áfram á svæðinu og því þarf ekki að bregðast við athugasemd. Stýrihópur hefur verið stofnaður hjá Reykjavíkurborg og ef niðurstaða hans er að lónið víki af svæðinu mun það kalla á breytingu á deiliskipulagi og viðeigandi umhverfismat,“ hefur skipulagsfulltrúinn í Reykjavík nú svarað athugasemd Skipulagsstofnunar. gar@frettabladid.is



LANCÔME  
PARIS



HIT YOUR LASH GOALS.  
*VOLUMIZE EVERY. SINGLE. LASH.*

LASH IDÔLE MASKARI

LYFTIR - ÝKIR - SVEIGIR - ÞÉTTIR - ALLT AÐ 24 KLUKKUSTUNDA ENDING

## LANCÔME KYNNING Í HAGKAUP

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
LANCÔME VÖRUM  
DAGANA 18.-24. MARS

VELDU ÞINN KAUPAUKA

GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU  
LANCÔME VÖRUR FYRIR 9.500 KR. EÐA MEIRA\*



Rénergie Multi-Lift

Rénergie Multi-Lift krem 15 ml, Rénergie Multi-Lift  
næturkrem 15 ml, Rénergie Multi-Lift augnkrem 3 ml  
Génifique serum 7 ml og Lancôme ilmprufa



Hydra Zen

Tonique Confort toner 50 ml, Génifique serum 7 ml  
Hydra Zen krem 15 ml, Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml  
Fix it Forget it setting spray prufa og  
Lancôme ilmprufa

\*Á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*



## Evrópusambandið tekst nú á við krísu aldarinnar vegna COVID

**EVROÞUSAMBANDIÐ** Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB), segir sambandið skoða „alla möguleika“ til að tryggja að þegar þess verði bólusetting án tafar. Bólusetningar ganga illa innan ESB, sérstaklega í samanburði við Bandaríkin og Bretland.

Nokkrar ölgu hefur gætt með að ESB flytji út bóluefni, meðal ann-

» Bólsetningar hafa gengið hægt í ESB og EES, aðeins 4,2 prósent hafa verið bólusett.

ars til þessara tveggja landa, þegar Bandaríkin hafa bannað slíkt.

Hún segir ekkert útilokað í þessum efnum til að tryggja að bólusetningar innan ríkja ESB gangi hraðar fyrir sig. – þp



Utanríkisráðherrann fundaði með Hezbollah í gær. FRÉTTABLAÐID/AFP

## Hezbollah fundaði með Rússum um málefni Sýrlands í fyrradag

**SÝRLAND** Fulltrúar líbónsku samtakanna Hezbollah, sem hafa barist við hlið stjórnarhers Bashar al-Assad gegn uppreisnarhópum í landinu um langa hríð, funduðu með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í gær. Rússar eru einnig bandamenn Assads. Rædd voru málefni Sýrlands.

Um tíu ár eru síðan sýrlenska borgarastyrjöldin hófst. Niðurstaða viðræðnanna voru að Rússar og Hezbollah þyrftu að taka höndum saman til að útrýma hryðjuverkahópum í Sýrlandi, sem margir tengjast al-Kaída.

570 þúsund hafa látist og milljónir flúið land og eru á flótta. – þp



GOTT ÚRVAL AF LJÚFFENGU HRÖKKBRAUÐI

Sjónmælingar eru okkar fag




Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is) og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

## Svæði þar sem gosið hefur á síðustu 15.000 árum

- Eldar á 8.-9. öld
- Eldar á 10. öld
- Krýsuvíkureldar 1151-1186
- Reykjaneseldar 1210-1240
- Þykkt öskulags eftir spengigos 1226
- ~ Hraunjaðar í sjó
- ▲ Orkumannvirki



Myndin er unnin úr gögnum frá Íslenskum orkurannsóknnum og Magnúsi Tuma Guðmundssyni.

# Segir Grindavík vera berskjaldaðan bæ

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, var gestur Fréttavaktarinnar, nýs fréttapáttar Hringbrautar og Fréttablaðsins, í gær. Ekkert bendir til þess að Grindavík sé í hættu vegna hugsanlegs eldgoss.

**NÁTTÚRUVÁ** Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum liggja engar gossprungur um Grindavík enda yrði bærin tafarlaust rýmdur ef hætta væri á gosi þar. Af íbúakjörnum á svæðinu er Grindavík berskjölduðust, segir Magnús Tumi.

Fordæmalaus atburðarás er í gangi á Reykjaneskaga og ekkert lát virðist ætla að verða á skjálftarhrinu sem hófst þar 24. febrúar.

Magnús segir Reykjaneskaga meira og minna allan eldbrunninn, þar hafi runnið hraun eftir að ísöld lauk. Elstu hraunin á skaganum hafi runnið um 800 í Brennisteinsfjöllum. Síðan hafi lítið gerst í 100 til 150 ár í Krýsuvík og á nærliggjandi svæðum.

Síðan taka við eldar og endurtekningin gos sem ekki sé vitað hve lengi stóðu yfir, það eru hraunin sem eru fyrir ofan Heiðmörk. Þetta hraun fór alla leið niður syðst í Hafnarfjörð um 950, meðal annars þangað þar sem Vallarhverfi stendur nú. Þetta var síðasti hluti þessarar gossvirkni, um árið 1200.

Þegar hraun gengur í sjó fram fylgir því öskufall. Um 1200 fer að gjósa á Reykjanesi, meðal annars

Við búum í landi þar sem allra veðra er von og við þekkjum vel hvernig best er að undirbúa okkur fyrir þau.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands



spengigos sem jafnaðist að stærð á við gosið í Eyjafjallajökli árið 2011. Við þetta gos myndaðist svokallað miðaldalag og þá rann hraun í sjó rétt undan Reykjanesi. Þá myndaðist öskulag sem er til að mynda um eins sentimetra þykkt í Garðabæ og á höfuðborgarsvæðinu.

Aðspurður hvar muni gjósa segir Magnús Tumi hugsanlegt gossvæði geta verið í fimm kílómetra fjarlægð frá byggð í Hafnarfirði sem sé það langt að gosið verði eitthvað í líkingu við gosið í Vestmannaeyjum 1973. „Það eru bara ekki líkur á því,“ segir hann.

Fyrir um fimm þúsund árum fór hraun yfir Elliðaárnar en hann segir líkur á því hverfandi. Gos á þessu svæði hafi farið minnkandi og stærstu gosin voru einn fjórði eða einn fimmti þess sem kom upp í Holuhrauni 2014.

Gos á Reykjaneskaga myndi hafa áhrif á flugsamgöngur, einkum um Keflavíkflugvöll, á meðan á því stendur. Magnús Tumi segir þó vel hægt að lifa með því.

Hraunrennsli gæti ógnað Vallarhverfi í Hafnarfirði en það gæfust dagar til að rýma svæðið og grípa til viðeigandi aðgerða. „Þetta gæti gerst en það er ekkert víst að þetta muni gerast,“ segir Magnús Tumi. Ekkert gos verði í líkingu við Kötlu- eða Heklugos.

Magnús Tumi segir enga þörf á ofsahræðslu en mikilvægt að fólk sé meðvitað og geri einstaklingsbundin plön komi til eldgoss. „Við búum í landi þar sem allra veðra er von og við þekkjum vel hvernig best er að undirbúa okkur fyrir þau,“ segir hann að lokum. Viðtalið við Magnús Tuma má sjá á Fréttavaktinni á Hringbraut og á [frettabladid.is](http://frettabladid.is). [thorvardur@frettabladid.is](mailto:thorvardur@frettabladid.is)

## Krefst rannsóknar á skjalfalsi tveggja fasteignafélaga í eigu Sigga hakkara

**SAKAMÁL** Lögmaðurinn Guðmundur St. Ragnarsson lagði fram kærú til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudag og krafðist rannsóknar á skjalfalsi í tengslum við tvö fasteignafélög sem stofnuð voru af Sigurði Þórðarsyni, betur þekktum sem Sigga hakkara. En Guðmundur segir undirskrift sína á skattskjólum í tengslum við Robus ehf. og Regnum ehf. falsaða.

„Þarna er verið að falska nafnið mitt,“ segir Guðmundur. „Ég hafði staðfest sem skoðunarmaður hjá einu einkahlutafélaginu upp á 500 þúsund krónur. Síðar kemur í ljós að undirskrift mín er ekki á því félagi heldur á öðru félagi þar sem stofnfæð er 50 milljónir.“

Þarna er verið að falska nafnið mitt.

Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður



Guðmundur segist hafa fengið veður af undirskriftunum frá öðrum stofnfélögum. „Eftir samtöl við þá kom þetta smátt og smátt í ljós seinnipartinn á síðasta ári,“ segir hann.

Í síðasta mánuði greindi Stundin frá því að viðskiptafélagar Sigurðar hefðu talið sig blekktu í tengslum

við félögin og síðar viðurkenndi hann að hugmyndin hefði verið að kreista út fé áður en félögin færu í þrot. En fölsuð hlutafjárinnborgun til Ríkisskattstjóra voru í heildina 100 milljónir króna.

Þrátt fyrir ungan aldur á Sigurður langan brotaferil að baki. Hann var dæmdur í þrjú ára fangelsi árið 2015 kynferðisbrot gegn níu piltum. Ári áður hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm fyrir fjársvik upp á 30 milljónir króna. Sigurður breytti nafni sínu fyrir skemmstu og lét taka út millinafnið Ingi hjá Þjóðskrá. Þá hefur hann verið í samstarfi við bandarísku alríkislögregluna sem eitt helsta vitnið í máli gegn Julian Assange. – khg





SIGURÐUR  
LAUFDAL

*Bocuse d'Or*

*Bocuse d'Or*  
ICELAND  
ACADEMY  
Sigurður Laufdal  
Candidate 2021



# PÁSKA BORGARINN SHAMROCK

2 X 90 G NAUTABORGARI · BEIKONKURL · 2 X MARIBO OSTUR  
RAUÐLAUKUR · TÓMATSNEIÐAR · SÚRAR GÚRKUR · KLETTASALAT  
HNETUSMJÖRS-CHIPOTLE MÆJÓ · KARTÖFLUBRAUÐ

SÉRÚTBÚIN BRAGÐLAUKAVEISLA SEM VERÐLAUNAKOKKURINN  
SIGURÐUR LAUFDAL SETTI SAMAN FYRIR GRILL 66



GRILL66.IS



## MARKAÐURINN

# Brattinn ekki ávísun á örar hækkunar

Brattur vaxtaferill ríkisskuldabréfa endurspeglar ekki endilega væntingar um hraðar vaxtahækkunar. Mikil útgáfa, útflæði erlendra fjárfesta og lítil, magnbundin íhlutun spilar inn í. Þróun verðbólguálags háð óvissu um niðurstöður kosninga í haust.

Brattur vaxtaferill ríkisskuldabréfa endurspeglar ekki endilega væntingar um hraðar vaxtahækkunar. Hann er frekar afleiðing af mikilli útgáfu ríkisbréfa, útflæði erlendra fjárfesta og því að Seðlabankinn hefur haldið að sér höndum með magnbundna íhlutun. Þetta segir Agnar Tómas Möller, sjóðstjóri hjá Kviku eignastýringu. Á Íslandi er líklegt að lækkandi taktur verðbólgunnar hér heima muni toga álagið niður en óvissa um niðurstöður kosninganna næsta haust og möguleg kosningaloforð gætu haldið aftur af þeirri þróun.

Líklegt er að lækkandi taktur verðbólgunnar hér heima muni toga álagið niður en óvissa um niðurstöður kosninganna næsta haust og möguleg kosningaloforð gætu haldið aftur af þeirri þróun.

Agnar Tómas Möller, sjóðstjóri hjá Kviku eignastýringu



Vaxtaferill ríkisbréfa sýnir ávöxtunarkröfu mislangra bréfa og gefur mynd af væntingum markaðarins til umsvifa í hagkerfinu. Upphallandi ferill getur þannig bent til þess að efnahagssumsvif muni aukast.

Hækkun langtímavaxta frá síðasta sumri hefur valdið því að hallinn á vaxtaferli óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur aukist jafnt. Munurinn á RIKB 22 og RIKB 31, það er óverðtryggðum ríkisbréfum til eins árs og tíu ára, stendur í 2,09 prósentustigum eða 209 punktum.

Þessi munur var á bilinu 10 til 40 punktar mánuðina fyrir COVID og

frá apríl til ársloka 2020 var hann að meðaltali 118 punktar.

Agnar segir að vaxtaferill ríkisbréfa sé nú þegar að verðleggja að vextir verði komnir úr 0,75 prósentum upp í 3 prósent haustið 2022. Horft lengra fram á veginn muni þeir skríða upp í 5 prósent.


Agnar bendir á að aðalhafþæðingur Seðlabanka Íslands hafi sagt að jafnvægisvextir á Íslandi að viðbættu 2,5 prósentu verðbólguálagi væru líklega í kringum 3,5 prósent um þessar mundir.



Hallinn á vaxtaferli ríkisbréfa hefur aukist jafnt og þétt frá síðasta sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Líklegt er að mikið framboð ríkisskuldabréfa undanfarið, ásamt miklu umröti á erlendum skuldabréfamörkuðum, hafi aukið áhættuálag á lengri tíma vexti. Bæði svokallað verðbólguáhættuálag og

## Þróun langtímavaxta



## Nýsköpun til áhrifa

Með nýsköpun og sjálfbærni að leiðarljósi höldum við ótrauð áfram að umbylta matvælaframleiðslu á heimsvísu. Þar höfum við ætíð hugfast að allt telur. Öll tækni telur. Hvert og eitt samtál. Hver og ein hugmynd. Hvert og eitt viðbótargramm af matvöru. Hver og einn vatnsdropi við framleiðslu. Við getum öll haft áhrif.

Kynntu þér ársskýrslu Marel 2020 á [marel.com/ar](http://marel.com/ar)

**marel**

áhættuálag vegna mikilla verðbreytinga langra skuldabréfa," segir Agnar.

„Með öðrum orðum endurspeglar mjög brattur vaxtaferill ekki endilega væntingar um hraðar vaxtahækkunar heldur er frekar afleiðing af mikilli útgáfu ríkisbréfa, miklu útflæði erlendra aðila af skuldabréfamarkaði og enn sem komið er litlum, magnbundnum aðgerðum Seðlabankans.“

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði nýlega í viðtali við Markaðinn að verðbólgan, sem mælist um fjögur prósent, sé ein af ástæðunum fyrir því að Seðlabankinn haldi að sér höndum.

„Það er mjög erfitt þegar þú ert með fjögurra prósentu verðbólgu að ætla að fara í umfangsmikil kaup á ríkisskuldabréfum og berja langtímavexti niður. Það bindur hendur okkar," sagði Ásgeir.

Hækkun verðbólguálags á bandaríska skuldabréfamarkaðinum hefur valdið talsverðu umröti á mörkuðum víða um heim. Frá áramótum hefur verðbólguálag til fimm ára hækkad úr 1,9 prósentum upp í 2,6 prósent í Bandaríkjunum en úr 2,7 prósentum upp í 3,1 prósent á Íslandi. Munurinn frá verðbólguálagi viðkomandi Seðlabanka er því um 0,6 prósent í báðum tilfellum.

„Munurinn er þó sá að bandaríska Seðlabankinn hefur haft velþöknun á hækkun verðbólguálags enda hefur hann viljað vinna upp verðbólguálag síðasta áratugar eða svo. Á Íslandi er líklegt að lækkandi

taktur verðbólgunnar hér heima muni toga álagið eitthvað niður á ný en óvissa um niðurstöður kosninganna næsta haust og möguleg kosningaloforð gætu haldið aftur af þeirri þróun," segir Agnar.

Ef skoðuð er þróun langtímavaxta á Íslandi samanborið við helstu viðskiptasvæði, svo sem Bandaríkin, Evrópu, og Bretland, þá er veginn vaxtamunur til 10 ára í kringum þrjú prósent í dag eftir að hafa farið niður í tvö prósent síðastliðið sumar. Agnar bendir á að vaxtamunurinn hafi verið nokkuð stöðugur síðastliðna mánuði og hækkun langtímavaxta á Íslandi hafi í raun fylgt mestu hækkun langtímavaxta erlendis eftir áramót.

„Í raun hafa langtímavextir í smærri ríkjum með svipað láns hæfi og vaxtastig og Ísland, svo sem Póllandi, Ungverjalandi og Chile, hækkad meira en á Íslandi að undanförunu," bætir hann við.

### Minni ásókn í skuldabréf

Vaxtaferill ríkisbréfa stýrir verðmyndun annars konar skuldabréfa á markaðinum. Hækkun langtímavaxta, sem leiðir af sér brattari vaxtaferil, hefur því haft áhrif á fjármögnunarákvarðanir fyrirtækja.

„Fyrirtæki hafa sótt sér talsvert minna fjármagn á skuldabréfamörkuðum þar sem hagstæðast er að fjármagna sig á fljótandi vöxtum í bankakerfinu eða, eins og hefur verið nokkuð nýtilkomið, að gefa út stutt skuldabréf," segir Agnar.

[thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is)





LYFSALINN

# BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.  
Snertilausar afgreiðslur.

## APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur Bílaapótek - bakhlið



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ  
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI  
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00  
Opið 10.00 - 22.00  
Opið 8.30 - 18.00

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is  
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is  
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

[www.lyfsalinn.is](http://www.lyfsalinn.is)





Horft suður yfir Hrossaborg sem óneitanlega minnir á íþróttaleikvang eða hringleikahús. Í fjarska er drottning íslenskra fjalla, Herðubreið (1682 m). MYND: ÓMB.

# Íslenskur Nývangur

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurð-læknir og náttúruvinnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

**H**ér á landi er gnægð fallegra gíga, en í þeirra hópi er einn frægasti gjöskugígur heims, Hverfjall í Mývatnssveit. Færri þekkjast til bróður hans 40 km austar, Hrossaborgar, en sá gígur er steinsnar frá þjóðveginum við upphaf vegarins í Herðubreiðarlindir (F88). Líkt og Hverfjall er talið að Hrossaborg hafi myndast í stuttu þeyti-gosi fyrir 10.000 árum, sem gerir hana mun eldri en Hverfjall sem talið er 2.500 ára gamalt. Úr lofti líkjast þessir bræður óneitanlega gígum á yfirborði tunglsins en hamfarahlaup í Jökulsá á Fjöllum hafa fyrir löngu sorfið skarð í gíg Hrossaborgar. Í gegnum það er komist inn í gígn en það er svipuð tilfinning og að vera mættur á Nývang (Nou Camp), heimavöll knattspyrnuliðsins FC Barcelona. Hann er 10. stærsti íþróttaleikvangur heims og tekur næstum 100 þúsund manns í sæti. Ekki er vitað til þess að í Hrossaborg hafi farið fram íþróttakappleikir en þarna beittu Mývetningar hrossum sínum í leitum, enda botninn grösugur og auðvelt að loka hesta af í gígnum. Á sléttu gíggólfinu má auðveldlega koma fyrir fótboltavelli í fullri stærð og þriðjungur Íslendinga ætti síðan að geta tyllt sér í hallandi gígbrekkunum.

Það er skemmtileg og snörp ganga upp á Hrossaborg. Ef leysingavatn er lítið má aka bílum inn í gígn en síðan tekur við 20 mínútna ganga upp á hæsta hluta gígbarmsins sem nær 441 metra hæð yfir sjávarmáli. Efst er sérlega víðsýnt og sést meðal annars yfir stóran hluta Mývatnsöræfa og Hólasand. Athyglina fangar þó Herðubreið 60 km sunnar, en vestan hennar sést í Dyngjufjöll og fjöllin austur af Mývatni. Ljóst hverasvæði Námaskarðs stingur skemmtilega í stúf við umhverfið en einnig sést vel í fjöllin Kröflu (818 m) og Eilíf. Skammt frá Hrossaborg rennur Jökulsá á Fjöllum á leið sinni út í Axarfjörð en á þeirri leið skartar hún einstakri fossaþrennu með Selfossi, Dettifossi og Hafragilsfossi. Í kringum 1975 voru uppi áform um að virkja Jökulsá og Dettifoss en þá hefði hálendi í nágrenni Hrossaborgar verið sökkt undir 120 km<sup>2</sup> miðlunarlón. Því stórslysi var sem betur fer afstýrt og allt svæðið er nú friðað innan Vatnajökulspjóðgarðs. Öllum er samt hollt að rifja upp þessar gölnu virkjanahugmyndir því græðgi og skammsýni eru enn helstu óvinir ósnortinnar íslenskrar náttúru.



**Fókus á hjarta landsins**



Það er stutt ganga upp á Hrossaborg en sprækt göngufólk getur þrætt gígbarminn allan hringinn. MYND/SIGTRYGGUR ARI.



**Hallandi brekkur Hrossaborgar** eru náttúruleg stúku-sæti. Þarna voru atriði með Tom Cruise tekin upp fyrir kvikmyndina Oblivion.

MYND/ÓMB



# Gerum okkur klár fyrir páskana

30% afsláttur af öllum skíða- og brettabúnaði



Everest



# Frelsið



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar búið er að setja strangar reglur vegna slæmra atburða sem hafa skyndilega orðið í þjóðfélaginu er iðulega furðu erfitt að aflétta þeim. Það er nánast ætlast til að einstaklingar sætti sig sjálfkrafa við höftin, jafnvel þótt engin þörf sé á þeim lengur. Þetta er einmitt nokkuð sem ástæða er til að hafa áhyggjur af þessa stundina. COVID-ágerðir um heim allan hafa heft frelsi fólks í miklum mæli. Hér á landi hafa ráðamenn og sótt-varnaryfirvöld allnokkrum sinnum sagt að mikilvægt sé að þessi höft festist ekki í sessi heldur sé skylt að aflétta þeim þegar ástandið er orðið nokkurn veginn eðlilegt. Vonandi er þessum aðilum full alvara með þeim fullyrðingum sínum. Það er skiljanlegt og örugglega skynsamlegt að taka hæg skref í átt að afléttingu hafta en skrefin þarf samt að taka og með tilkomu bóluafnis eiga þau öll að vera fram á við. Og svo kemur að því að fólk öðlast sitt fyrra frelsi.

Það á einfaldlega ekki að vera möguleiki í stöðunni að viðhalda ströngum reglum sem takmarka frelsi fólks vegna þess að hugsanlega gæti eitthvað slæmt gerst í framtíðinni. Það er vond aðferð við að lifa lífinu að vera sífellt að velta því fyrir sér hvaða hörmungar gætu næst dunið yfir mann. Stjórnvöld í lýðræðisríkjum eiga ekki að taka að sér að ala á slíkri hugsun meðal landsmanna og hefta frelsi fólks undir því yfirskini að verið sé að vernda það fyrir hugsanlegum ógnum sem ekki er þó vitað nákvæmlega hverjar eru. Það eru einungis einræðisstjórnir sem haga sér á þennan hátt og kalla fyrir vikið mikið böf yfir almenning.

Í sjónvarpsfréttum RÚV síðastliðið þriðjudagskvöld birtust tvær ungar konur á skjánum, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra. Þær tjáðu sig um þær góðu fréttir að bólusetningar og mótefnavottorð frá löndum utan Schengen muni verða tekin gild við komuna til landsins. Þær lögðu áherslu á að þetta myndi breyta miklu fyrir ferðaþjónustuna og atvinnulífið. Þórdís sagði að hér væri líka um sanngírismál að ræða, þeir sem gætu sýnt vottorð um að þeir væru með mótefni eða komnir með bóluafni ættu að vera frjálsir ferða sinna.

Þórdís og Áslaug Arna hafa margoft talað á þann hátt að ljóst er að þær hafa sannfæringu fyrir því að einstaklingar eigi að njóta athafnafrelsis í lífinu og að þær hamlandi reglur sem settar voru vegna farsóttar eigi alls ekki að vera við lýði þegar henni lýkur. Báðar eiga þær hrós skilið fyrir að standa frelsisvaktina. Sjálfstjórnir sjá einhverjir þó einmitt ástæðu til að skammast í þeim vegna þessa, enda eru nöldrarnir alls staðar og þagna aldrei. Áslaug Arna og Þórdís Kolbrún ættu ekki að leggja þar við hlustir. Stjórnmalamenn eiga að vera sterkari en svo að þeir láti fulltrúa stöðugrar neikvæðni og spúandi reiði koma sér úr jafnvægi.

Stjórnmalamenn eiga að standa vörð um frelsi einstaklinga og opins samfélags. Þeir sem gera það ekki eru fullkomlega óþarfir.



Báðar eiga þær hrós skilið fyrir að standa frelsisvaktina.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Hannes og hugsuðirnir**  
Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur boðað komu bókar sinnar um 24 frjálslýnda en um leið íhaldssama hugsuði, Twenty-Four Conservative-Liberal Thinkers, í tveimur bindum með forsíðuteikningu skopmyndateiknarans Halldórs Baldurssonar. Hamingjuóskirnar hafa raðast inn á Facebook þar sem nafntogaðir íslenskir samtímaspekingar eru frekir til fjörsins og umræður sérlega liflegar við innlegg blaðamannsins og bókmenntafræðingsins glögga Jakobs Bjarnars Grétarssonar sem í fljótu bragði taldi að um Tinnabækur væri að ræða.

**Lifandi hugmyndaheimur**  
Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, brást við ófsjónum Jakobs með því að benda honum á að hugurinn leitar gjarnan fyrst að því sem mönnum er kærast. „Tinnabækurnar eru náttúrulega stórvirki. Ekki leiðum að líkjast,“ svarar Jakob áður en leikar taka að æsast við hárfina ábendingu Sigmars Guðmundssonar til Björns. „Það eiga allir að lesa Tinna. Þú myndir kunna vel að meta bókina Tinni í Sovétríkjunum.“ Hváir þá Björn. „Þau hrundu. Hannes Hólmsteinn skrifar um lifandi hugmyndaheim.“ Teiknarinn sjálfur botnar síðan hvorki upp né niður og segist alltaf hafa verið meira fyrir Lukku-Láka. toti@frettabladid.is

## Hárrétti tíminn til að fara nýja leið



Þórunn Laufey Diðriksdóttir  
formaður Félagsgrunnskólakennara



Það uppnám sem orðið hefur í skólaskarfi og félagslífi er hægt að nýta til góðs með því að þróa matsferil sem komi í staðinn fyrir hin hefðbundnu samræmdu próf.

En á ný er deilt um samræmd próf, gildi þeirra, tímasetningar og raunar tilgang. Nýir tímar kalla á breyttar aðferðir til námsmats og mistök við framkvæmd, deilur um jafna stöðu nemenda og jafnvel inntak samræmdu prófanna hafa gert þær kröfur æ háværari.

COVID-19 hefur sett allt skólaskarfi í uppnám en það sem verra er, faraldurinn hefur haft geigvænleg áhrif á félagslífi nemenda og gjörbreytt daglegu lífi grunnskólanema. Ekki hvað sist þegar kemur að þeim mikilvæga þætti í þroska og velferð barna og unglunga, félagsleg virkni og samskipti við jafnaldrá.

Félag grunnskólakennara fagnar þeirri ákvörðun að aflýsa samræmdu prófunum í ár og bendir jafnframt á að sú einstaka staða sem uppi er í þjóðfélaginu gefur okkur tækifæri til að stokka spilin upp á nýtt. Við getum nú farið í markvissa vinnu við að innleiða breytt fyrirkomulag um þessi próf sem byggja á framtíðarsýn fyrir samræmt námsmat, en skýrsla um slíkt fyrirkomulag barst ráðherra á síðasta ári.

### Tækifæri í uppnáminu

Það uppnám sem orðið hefur í skólaskarfi og félagslífi er hægt að nýta til góðs með því að þróa matsferil sem komi í staðinn fyrir hin hefðbundnu samræmdu próf. Við getum snúið vörn í sókn og búið grunnskólanemendum upp á betra, markvissara, sanngjarnara og hnitmiðaðra námsmat með rafrænum prófum og verkefnum, valfrelsi skóla til að nýta þau innan ákveðins ramma og dreifa þannig álagi og auka gæði alls námsmats.

Nýtum tækifærið og bætum námsumhverfið með því að gera námið einstaklingsmiðaðra og kennsluhætti fjölbreyttari. Nú er hárrétti tíminn til að fara nýja leið.



## AF KÖGUNARHÓLI

## Jaðarflokkastjórn eða miðjan



Þorsteinn Pálsson

getur VG tryggt sér áframhaldandi ríkisstjórnarforystu með þessu móti.

**Möguleikar miðjunnar**

Þeir flokkar sem liggja næst miðjunni eru Framsókn, Samfylking og Viðreisn. Þessir flokkar hafa verið að styrkjast í skoðanakönnunum. Haldi fram sem horfir verður miðjan stærsta mengið á Alþingi.

Flokkarnir þrjú hafa ekki útilokað hver annan. En miðjan mun ekki ná áhrifum við stjórnarmyndun í samræmi við stærð nema að minnsta kosti tveir þessara flokka standi saman. Fari einn þeirra með



**Tölfræðin sýnir marga ólíka kosti til stjórnarmyndunar. Pólitísk skoðun bendir hins vegar til að megin línurnar séu bara tvær.**

jaðarflokkunum verða miðju-áhrifin hverfandi.

Næðu þeir allir þrjú saman gæti miðjan aftur á móti orðið ráðandi. Það yrði vissulega málefnalega snúið. En trúlega gæti það opnað möguleika fyrir Framsókn til að blanda sér á ný í baráttuna um forsætið.

Á dögnum bættist Pirötum liðsauki með þingmanni, sem gekk vinstra megin úr VG. Fyrir vikið geta Píratar ekki, eins og VG, átt aðild að ríkisstjórn, sem styður aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þeir hafa með þessu endanlega lokað á aðild að raunhæfum stjórnarmyndunar-kostum.

**Tveir kostir**

Tölfræðin sýnir marga ólíka kosti til stjórnarmyndunar. Pólitísk skoðun bendir hins vegar til að megin línurnar séu bara tvær.

Annars vegar er stjórn jaðarflokkanna yst til hægri og vinstri. Hins vegar er stjórn þar sem tveir eða þrjú flokkar úr miðjumenginu yrðu hryggjarstykkid.

Líkurnar á hreinni stjórn til hægri eða vinstri eru mun fjarlægari.

Jaðarflokkastjórn virðist líklegust eins og sakir standa. Miðjuflokkarnir þurfa að styrkja stöðu sína enn frekar fram að kosningum eigi að snúa líkunum við.

Nú er aðeins hálf tveggja ára kosningarátt. Smám saman skýrist því hvaða stjórnarmyndunarkostir eru í boði og hverjir eru útilokaðir eða fjarlægir.

Samfylkingin hefur útilokað samstarf við Sjálfstæðisflokk og Miðflokk. Einnig er sennilegt að Sjálfstæðisflokkurinn hafi hugsað brottvikningu fulltrúa Viðreisnar úr stjórn Íslandspósts sem óbein skilaboð til kjósenda sinna um að samstarf við Viðreisn sé ekki á dagskrá.

**Möguleikar Sjálfstæðisflokksins**

Þetta þýðir að Sjálfstæðisflokkurinn horfir fyrst og fremst til samstarfs við jaðarflokkana lengst til vinstri og hægri. Af flokkunum, sem liggja næst miðjunni, lítur hann bara til Framsóknar.

Í krafti stærðar sinnar á Sjálfstæðisflokkurinn mesta möguleika á að tryggja sér setu við ríkisstjórnarborðið. En útilokun hans sjálfs á öðrum og útilokun annarra á honum gerir það að verkum að hann hefur ekki fyrr verið í jafn þröngri málefnalegri stöðu.

Möguleikar Sjálfstæðisflokksins til þess að hafa áhrif verða því fyrst og fremst fölgir í því að koma í veg fyrir breytingar. Það er reynslan af núverandi samstarfi jaðarflokkanna þar sem miðjan hefur haft hverfandi áhrif.

**Lykilstaða VG**

VG er að mörgu leyti í svipaðri stöðu og Framsókn hafði lengi vel þegar hún réði hvort ríkisstjórnir voru myndaðar til hægri eða vinstri.

Í raun breyttist VG úr röt-tækum vinstri flokki í praktískan þegar þau tóku að sér eftir hrun að framkvæma umfangsmestu íhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum á lýðveldistímanum. Í núverandi samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn hafa engin málefni verið hugmyndafræðilega erfið, en kyrrstaðan oftast verið lausnin, nema í skipulagi heilbrigðismála.

Í ljósi þröngrar málefnaöðu Sjálfstæðisflokksins er líklegast að VG muni hafa mest um það að segja hvers kyns ríkisstjórn verður mynduð. Í byrjun kallaði grasrótni í VG á skýra stefnu en nú skipta völdin hana meira máli. Þetta auðveldar forystu flokksins að taka við gamla hlutverki Framsóknar.

**Líklegasta stjórnin**

VG hefur hafnað málamiðlunarhugmyndum um að setja í stjórnarskrá ákvæði um að nýtingarréttur að auðlindum í þjóðareign skuli vera tímabundinn. Með því virðist VG vera að útiloka samstarf við Samfylkingu og Viðreisn.

Verði þetta sérhagsmunaákvæði samþykkt kallar það á endurstaðfestingu á nýju þingi eftir kosningar. Missi stjórnarflokkarnir meirihlutann er aðeins ein leið fyrir VG til að tryggja því framgang. Hún er að bjóða Miðflokknum um borð.

Fyrir þær sakir er líklegast að það verði næsta ríkisstjórn.

VG þrengir stöðu sína með því að hafna málamiðlun um auðlindaákvæðið. En væntanlega

# Netapótek Lyfjavers

## Frí heimsending um land allt!\*



**Afhendum samdægurs**

á höfuðborgarsvæðinu  
mán-lau ef pantað  
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

**Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is**

\*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

**LYFJAVER**

lyfjaver.is  
Suðurlandsbraut 22





# Rauða Reykjavík?




**Orri Matthías Haraldsson**  
bókmennta-  
fræðingur

Sá vandi sem kemur einna mest til tals hér á landi er húsnæðisvandinn. Sama hvað gengur á í þjóðfélaginu virðist hann alltaf húka í bakgrunninum og þótt hann minni á tilvist sína með reglulegu millibili er lítið gert til að bregðast við honum. Fasteignaverð hefur hækkað stöðugt á undanförunum árum en ráðstöfunartekjur almennings ekki á sama hraða. Það verður sífellt erfiðara fyrir ungt fólk og lágtekjufólk að eignast þak yfir höfuðið en þessir samfélagsþópar skarast oft á tíðum verulega. Hvað er til ráða? Og hvað veldur þessari eilífu húsnæðiskreppu sem virðist hafa fylgt íslensku samfélagi í áratugi?

## Alræði markaðarins

Árið 2020 varð mikil aukning í sölu fasteigna á höfuðborgarsvæðinu og talað var um metár í þeim efnum. Þrátt fyrir mikla eftirspurn á markaði hefur hallað á framboðshliðina. Vegna þeirrar efnahagslæggðar sem geisad hefur síðan að kórónuveirufaraldurinn skall á hefur húsnæðisverð hækkað fjafnt og þétt og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun í nánustu framtíð. Þessi þróun síhækkandi verðs



Línurit sem sýnir Visitölubreytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs alls íbúðarhúsnæðis frá 2001 til 2021. Mynd fengin af vef Þjóðskrár Íslands.


ýtir undir félagslegan óhreyfanleika þar sem afkomendur hinna betur settu komast auðveldlega inn á fasteignamarkaðinn á meðan ungt fólk sem ekki hefur þennan fjárhagsstuðning færir fjær húsnæðiseign og á almennt erfitt með að stíga sín fyrstu skref í átt að sjálfstæðu lífi, hvort sem það er á leigudea fasteignamarkaði. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands hækkaði vegið meðaltal fermetraverðs á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu árið 2020 um sirka 7,3%. Frá ársbyrjun 2011 hefur fermetraverðið meira en tvöfaldast eða hækkað um 124,6%. Síðastliðin tuttugu ár hefur hækkunin numið um 363%. Vert er að taka fram að hér er um að ræða allt íbúðarhúsnæði, bæði sérþýli og fjölþýli, óháð hverfaskiptingu.

## Bylting í húsnæðismálum

Eina af meginorsökum þessa ástands má rekja til þeirrar kapit-

alisku hugmyndar að húsnæði sé markaðsvara eins og hver annar varningur. Húsnæði er ekki mannréttindi í okkar samfélagi heldur arðbær fjárfesting sem hefur oft og tíðum þann eina tilgang að skapa meiri verðmæti. Eins og mál standa í dag er ekki verið að byggja smáar íbúðir fyrir lágtekjufólk á viðráðanlegu verði í nógu miklum mæli því það þjónar ekki markaðnum.

Markaðslausnir eru hins vegar ekki einu lausnirnar. Það er til lausn á húsnæðisvandinum og hún felur í sér nýja nálgun í húsnæðismálum. Þetta er sósíalísk nálgun þar sem braskarar eru strikaðir út úr jöfnunni: Félaglegt húsnæði. Hugtakið hefur löngum verið skilgreint á mjög þröngum hátt og lítið fordóms. En félagslegt húsnæði getur verið miklu meira en hin dæmigerða ímynd niðurníddu blokkarinnar. Til eru söguleg dæmi um húsnæðiskerfi þar sem tekist



Visitölubreytingar á vegnu meðaltali á fermetraverði alls íbúðarhúsnæðis frá janúar 2001 til janúar 2021. Mynd fengin af vef Þjóðskrár Íslands.

hefur að ná jafnvægi milli hins almenna fasteignamarkaðar og hins félagslega. Meðal þeirra frægustu er kerfið sem sett var upp í Vínarborg skömmu eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Vegna mikillar verðbólgu og ósigurs í stríðinu ríkti mikil fátækt í borginni og þörf var á nýju og ódýru húsnæði til þess að hýsa verkamannastéttina. Árið 1919 vann Sósíaldemókrataflokkurinn (SPÖ) stórsigur í borgarstjórnarkosningunum og ræddist í allsherjaruppbyggingu verkamannabústaða til þess að bregðast við þessum vanda. Um 64 þúsund íbúðir voru reistar frá 1923 til 1934 þegar fastistar náðu völdum í Austurríki. Þessar sósíalísku byggingar voru ekki aðeins íbúðarhúsnæði heldur bjuggu þær yfir ýmiss konar samfélagslegum innviðum svo sem bókasöfnum, þvottahúsum, leikskólum, fyrirmyndarleikvöllum og rúmgóðum afgirtum gördum. Varð

borgin þekkt fyrir róttæka nálgun í félagsmálum og gekk undir nafninu Rauða Vín (þ. Rotes Wien). Uppbyggingarherferð borgaryfirvalda leiddi til þess að félagslega húsnæði hósti allt að tíunda hvern borgarþúa. Verkamenn þessara bygginga leigðu íbúðirnar á sanngjörnu verði og var miðað við að leigan væri um 4% af tekjum heimilisins.

Íslendingar gætu lært eitt og annað af sósíalísma Rauðu Vínar. Ef menn ætla að leysa húsnæðiskreppuna verða ríki og borg að ráðast í allsherjaruppbyggingu félagslegs húsnæðis og beina kröftum sínum í að skapa fjölbreyttara húsnæðiskerfi hérlendis. Koma þyrfti á fót óhagnaðardrífnum byggingarsamlögum sem stæðu utan við hinn almenna fasteignamarkað og leituðu eftir að veita almenningi húsnæði á sanngjörnu verði. Þannig væri hægt að bæta lífskjör tekjulægra fólks til muna.

# Raforkuöryggi á Suðurnesjum – Landsnet þarf að gera betur



**Þorgerður María Þorbjarnardóttir**  
formaður Ungra umhverfissinna

Nýverið varð bilun í búnaði í raforkukerfinu og rafmagnslaust varð á Reykjanesinu. Raforkuöryggi á svæðinu er ábótavant og því gott að segja frá því að Landsnet áformar að byggja 220 kV raflínu, Suðurnesjalínu 2, milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem verður hluti af meginflutningskerfinu. Línan mun liggja milli tengivirkis í Hamranesi í Hafnarfirði og tengivirkis á Rauðamel í Grindavíkurbæ.

Málið hefur farið eðlilegan farveg þar sem mismunandi valkostir eru metnir. Þann 20. janúar 2020 lagði Landsnet fram matsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 og óskaði eftir álitu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Valkostirnir eru fimm talsins auk núllvalkosts:

A: Jarðstrengur í línugötu  
B: Jarðstrengur við Reykjanesbraut

C: Loftlína samhliða Suðurnesjalínu 1

D og E: blandaðar leiðir

22. apríl 2020 skilar Skipulagsstofnun álitinu og tekur þar fram að æskilegasti valkosturinn til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé valkostur B, jarðstrengur með fram



**Landsnet hefur því lagt fram aðalvalkost sem hefur ekki minnst umhverfisáhrif.**

Reykjanesbraut. Landsnet telur hins vegar ekki ástæðu til þess að vika frá meginreglu stjórnvalda um að notast sé við loftlínu og hefur valið kost C sem aðalvalkost, loftlínu með fram Suðurnesjalínu 1.

Landsnet hefur því lagt fram aðalvalkost sem hefur ekki minnst umhverfisáhrif.

## Hversu mikið dýrari má umhverfisvænni kosturinn vera?

Samkvæmt þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína (nr. 11/144) stendur að í meginflutningskerfi raforku skuli notast við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra út frá tæknilegum atriðum, umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Til dæmis ef línuleið er innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þetta á við um hraunið á Reykjanesi og því mikilvægt að lágmarka rask á því. Síðar í sömu þingsályktun kemur fram að ef kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meira en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu skal miða við að leggja jarðstreng. Kostnaður við valkost B, jarð-

streng með fram Reykjanesbraut, er áætlaður sem 4.358 m.kr. og kostnaður við valkost C, loftlínu um Hrauntungur, er áætlaður sem 2.329 m.kr. Kostur B er því 1,87x dýrari en valkostur C og uppfyllir þar af leiðandi skilyrði þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

## Ábyrgð framkvæmdaáðilans

Landsnet og sveitarfélögin sem um ræðir bera ábyrgð á því að fara að settum lögum, reglum og stefnu stjórnvalda við lagningu raflína. Við höfum, sem samfélag, sett okkur þessar reglur til þess að standa vörð um náttúruna. Það þýðir ekkert að segjast bera hag náttúrunnar fyrir brjósti þegar ekki er farið að slíkum grundvallarreglum.

# Ríkisrekinn að heiman!



**Þurid Harpa Sigurdardóttir**  
formaður Öryrkjabandalags Íslands

Sem betur fer njótum við þess flest að alast upp og búa í foreldrahúsum þar til við erum tilbúin að hleypa heimdraganum. Við höfum notið þess að eiga skjól meðan við stunduðum nám og bjuggum okkur undir að halda út í lífið.

Þessi tímamót í lífi flestra ungmenna verða nú æ seinna. Þeir sem það geta, kjósa að búa heima eins lengi og kostur er, í mörgum tilvikum þar til námi er lokid og jafnvel aðeins lengur. Það er nefnilega gott að búa frítt meðan til dæmis safnað er fyrir inngöngumíðanum á fasteignamarkaðinn.

Allir foreldrar vilja styðja og aðstoða börn sín eins og kostur er, það er djúpt í eðli þeirra og þykir almennt sjálfsgætt. Einn hópur for-

eldra hefur þó ekki þennan rétt.

Búi foreldri við örorku og þarf þess vegna að reida sig á framfærslu frá almannatryggingakerfinu, er því gert að vísa barni sínu á dyr á 18 ára afmælisdaginn. Undanþágu frá þessu er aðeins hægt að fá ef barnið er í skóla, þá frestast þessi brottrekstur um 2 ár.

Átján ára eiga flestir eftir eitt ár í menntaskóla, eftir að hann var stytur í þrjú ár. Síðan tekur við frekari sérmenntun, standi hugur til þess.

Á þeim tímamótum þurfa börn fatlaðra foreldra að standa á eigin fótum. Finna sér húsnæði, þau eru nefnilega orðin baggi á fötludu foreldri, sem verður fyrir tekjuskurðingu búi ungmennið áfram í foreldrahúsum.

Viðurlögin við því að fatlað foreldri veiti barni sínu húskjól eru tekjumissir, ríkisvaldið tekur af heimilisuppbót sem getur hæst numið tæpum 54.000 kr. fyrir skatt. Upphæðin sem þetta foreldri hefur til framfærslu sér og barni sínu er þá um 258.000 fyrir skatt.

Stjórnvöld telja að fatlað foreldri hafi svo mikið fjárhagslegt hagræði



af því að búa með barni sínu og hafa þess vegna girt fyrir slíkt með reglugerð.

Ég þekki ekkert foreldri, fatlað sem ófatlað, sem telur fjárhagslegan ávinning af því að búa með barni sínu.

Ég þekki hins vegar marga ófatlaða foreldra sem styðja börn sín út í lífið, ekkert þeirra þarf að sæta

því að ríkisvaldið segi þeim hvaða stuðning þau mega veita börnunum sínum, hvað þá að ríkið skerði laun þeirra.

Ég skora á Ásmund Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra að standa með sjálfum sér og afnema þessa reglugerð með öllu og leiðrétta þar með órétt sem börn, ungmenni og fatlaðir foreldrar hafa sætt.



**Viðurlögin við því að fatlað foreldri veiti barni sínu húskjól eru tekjumissir, ríkisvaldið tekur af heimilisuppbót sem getur hæst numið tæpum 54.000 kr. fyrir skatt.**

Afnema reglugerð sem í raun gerir ríkinu kleift að mismuna börnunum fatlaðra foreldra, þannig að foreldrarnir geti ekki stutt börn sín á kannski þann eina hátt sem þau annars gætu, að veita þeim húskjól.

Það er hólur hljómur í tali stjórnmalamála á tyllidögum að við höfum öll jöfn tækifæri. Að hér drjúpi jú smjör af hverju strá. Það er ekki öllum boðið í veisluna.



# Austurland - Öruggur staður að búa á



**Jóhanna Thorsteinson**  
uppeldis- og menntunarfræðingur

Ísland er ekki þéttbýlt land. Þéttleiki byggðarinnar er 3,1 íbúar á hvern km<sup>2</sup>. Íbúafjöldi í desember sl. var tæplega 370 þúsund sem deildist á 102,8 þúsund km<sup>2</sup>.

Að búa í svo stóru landi með dreifða byggð er auðvitað kostnaðarsamt. Með batnandi samgöngum hafa heilu byggarlögin lagst af, firðir lagst í eyði, fólkíð flutt á aðra staði.

Reykjavík (og höfuðborgarsvæðið) er ekki bara höfuðborgin, hún er líka fjölmennasta sveitarfélagið. Og einhverja hluta vegna er öllum stofnunum og fyrirtækjum fundinn staður þar.

En það er alls ekki svo um heim allan. Það er ekkert náttúruögmál að höfuðborg sé stærsta borgin, eða að allar stofnanir hrúgist á einn og sama blettinn í einu landi.

## Ööryggi á Reykjanesi

Nú hefur endanlega verið staðfest það sem öllum mátti vera ljóst fyrir löngu síðan, að Reykjanesskaginn er óheppilegur staður til íbúabyggðar. Skaginn er mjög eldbrunninn og í raun virkt eldgosasvæði. Auðvitað vitum við ekki hvaða dag eldgos brýzt fram. En við vitum, og höfum vitað um langt árabíl að þar muni gjósa, fyrr en síðar.

Á Reykjanesskaganum er okkar eini alþjóðaflugvöllur. Á meðan ekki gýs, er það í góðu lagi. Hins vegar getur það ekki talist vera öruggur staður, flugvöllurinn á Miðnesheiðinni.

Við eigum aðra flugvelli sem gegna hlutverki varaflugvalla fyrir Keflavík. Það eru flugvöllurinn á Akureyri og Egilsstöðum.

Fyrir Reykvíkinga er það óhugsandi að þurfa að ferðast lengra en 50 mínútur til að komast í flug til útlanda. Fyrir Austlendinga og aðra dreifbýlinga er það eðlilegasti hlutur í heimi. Raunar hefur það komist í tísku að gista nóttina fyrir morgunflug í Keflavík og bjóða hótelin þar mjög góð kjör bæði varðandi gistingu og bilageymslu meðan á dvöl erlendis stendur. Það gildir auðvitað bæði fyrir dreifbýlið sem og höfuðborgarbúa.

## Öryggi á Austurlandi

En það er fleira sem er umhugsunarvert. Á Austurlandi er húsnaði mjög ódýrt. Þar eru góðir skólar fyrir alla aldurshópa, utan hvað ekki er háskóli á Austurlandi. Vandad einbýlishús, til dæmis á Vopnafirði, kostar um þriðjung af verði sambærilegs húss á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnutækifærin eru kannski ekki mjög mörg fyrir háskólamenntaða. En með ljósleiðaravæðingu Austurlands má stunda margs konar atvinnu að heiman.

Það eru engar virkar eldstöðvar á Austurlandinu. Og engir jarðskjálftar heldur. Á Austurlandinu verða hvorki aurskríður né snjóflóð. Þar er gnægð hitaveituvatns. Heita vatnið er bæði lyktar- og bragðlaust. Þar er veðursæld mun meiri en á suðvestursvæði landsins.

Á Egilsstöðum er glæsileg aðstaða til íþróttaiðkana og frábær sundlaug. Þaðan er stytzt að fljúga til Evrópu og þaðan er stytzt að sigla líka.

Það er ódýrara að kaupa stórar einingar til dæmis innréttingar og húsgögn frá Danmörku og fá þær með ferjunni til Seyðisfjarðar en kaupa þær frá Reykjavík og kosta svo flutninginn austur.

## Langt frá Reykjavík

Austurlandið er einn fjarlægasti landshlutinn á Íslandi. Sennilega

vegna þess að þangað er svo langt að fara, frá Reykjavík!

Það stendur í fólk að aka austur á Seyðisfjörð til að sigla með ferjunni til Danmerkur. En ef ferjan myndi sigla á Þorlákshöfn, væri það sólarhrings lengri sigling en frá Seyðisfirði. Og dýrari sem því nemur.

Það má gjarnan spyrja sig þeirrar spurningar hvers vegna Byggðastofnun hefur ekki beitt sér meira fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra

á Austurlandinu. Hvers vegna ekki sé litið til þeirra landkosta sem eru þar. Eitt álver á Reyðarfirði leysir ekki allan vanda Austurlands.

Hvers vegna er alþjóðaflugvöllurinn ekki fluttur austur? Hvers vegna er ekki komið upp sjúkráhusi fyrir Austurland á Egilsstöðum? Hvers vegna er ekki búið að brúa Lagarfljót með varanlegri brú milli Fellaþæjar og Egilsstaða? Hvers vegna er ekki hægt að stunda siglingar

á Lagarfljóti? Hvers vegna er ekki kominn vegur þvert yfir hálendið svo þungaflutningarnir fari af hringveginum? Og svona mætti lengi spyrja. En þingmenn kjörðæmisins virðast ekki hafa mikinn áhuga á uppbyggingu atvinnutækifæra á Austurlandinu. Þeir koma líka margir, ef ekki allir úr þéttbýli.

## Landsbyggðarfólk á þingi!

Það vantar landsbyggðarfólk inn á

Alþingi. Fólk sem horfir ekki bara á naflann á sér og til miðborgarinnar, heldur fólk sem gerir sér grein fyrir landi og þjóð sem einni heild. Með öllum þeim fjölbreytileika sem í landinu býr.

En ef við eigum að búa í excel-skjali hjá fjármálaráðuneytinu, þá byst ég við að ódýrast sé að girða suðvesturhornið af, frá Borgarnesi til Selfoss og lýsa restina af landinu þjóðgarð. Viljum við það?

# Tækifæri



Skoðaðu  
nýjan bækling á  
sminor.is



SIEMENS

## Espressó-kaffivél, EQ.300

TI 351209RW

Hraðvirk upphitun. Kaffikvörn úr keramik. Einföld í notkun. Allar aðgerðir sýnilegar á skjá („coffeeDirect“). Þrýstingur: 15 bór.

Tækifærisverð:

**96.900 kr.**

Fullt verð: 124.900 kr.



BOSCH

## Uppvottavél, Serie 4

SMU 4HAB48S (svört)

13 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C (klukkustund). Fjögur sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hljóð: 41 dB „AquaStop“-flæðivörn. Home Connect: Wi-Fi.

Tækifærisverð (svört):

**119.900 kr.**

Fullt verð: 159.900 kr.



BOSCH

## Kæli- og frystiskápur, Serie 4

KGV 36VWEAS

Kælir: 214 lítrar. Ein „VitaFresh“-skúffa sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta lengur. Frystir: 94 lítrar. Þrjár frystiskúffur, þar af ein stór. „LowFrost“-tækni. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:

**109.900 kr.**

Fullt verð: 149.900 kr.



## Molekyl Bordlampi

AN68909-25

Hæð: 25 sm.

Tækifærisverð:

**8.500 kr.**

Fullt verð: 10.900 kr.



BOSCH

## Ryksuga, Serie 2

BZGL 2X100

Lítill og nett en öflug. Snúra: 8 m. Hljóð: 80 dB.

Tækifærisverð:

**16.900 kr.**

Fullt verð: 22.900 kr.



BOSCH

## Þvottavél, Serie 4

WAN 2823BSN



Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi eru meðal annars: Skyrtur, íþróttatfatnaður, gallabuxur, mjög stutt kerfi (15 mín.), stutt kerfi (30 mín.), ull o.fl. Tromla: 55 lítrar.

Tækifærisverð:

**89.900 kr.**

Fullt verð: 119.900 kr.

# SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

Vefverslun okkar er opin allan sólarhringinn á [sminor.is](http://sminor.is).





Haukar eru í harðri fallbaráttu í ár eftir gott gengi undanfarinna ára.

## Sævaldur á að bjarga Haukum

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild Hauka hefur endurskipulagt þjálfarateymi meistaraflokks karla sem mun stýra liðinu það sem eftir lifir móts. Sævaldur Bjarnason mun taka við stjórnartaumunum og honum til aðstoðar verða Kristinn Jónasson og Steinar Aronsson.

Haukar sitja á botni Domino's deildarinnar með sex stig eftir 14 leiki en tap liðsins gegn Þór Akureyri í síðustu umferð deildarinnar var síðasta hálmstrá Ísraels Martin sem var látinn fara í upphafi vikunnar.

Þegar tímabilið er rúmlega hálfnað eru Haukar fjórum stigum frá því að bjarga sér frá falli en fyrsta verkefni nýja þjálfarteymisins hjá Haukum er deildarleikur gegn Grindavík sem fram fer í Ólafssal í kvöld. – **hó**

## Hildigunnur samdi við Val

**HANDBOLTI** Hildigunnur Einarsdóttir er á heimleið en hún hefur komist að samkomulagi við Val um að leika með félaginu frá og með næsta tímabili. Valur staðfesti þetta í gær.

Hildigunnur kemur því aftur á kunnuglegar slóðir, níu árum eftir að hún yfirgaf Val en hún hefur leikið í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Austurríki frá því hún hélt utan árið 2012.

Hin 33 ára gamla Hildigunnur hefur verið að glíma við meidslí á yfirstandandi tímabili með Bayer Leverkusen en hún hefur leikið fimm af síðustu sex árum í Þýskalandi með eins árs stoppi í Austurríki þar sem hún varð meistari.

Þá hefur Hildigunnur sem skrifaði undir þriggja ára samning við Val leikið 81 leik fyrir Íslands hönd og skorað í þeim 82 mörk. – **kpt**

# Enn óvíst hvort lykilmenn fá leyfi til að mæta Þýskalandi

Ekki liggur fyrir hvort Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Rúnar Alex Rúnarsson og Jón Daði Böðvarsson geti tekið þátt í fyrsta verkefni Arnars Þórs Viðarsonar og Eiðs Smára Guðjohnsen sem þjálfara íslenska karlalandsliðsins. Þjálfarateymið segist ánægt með líkamlegt ástand leikmannanna.

**FÓTBOLTI** Eftir slétta viku hefst vegferð íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í átt að því að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistararamótsins sem haldið verður í Katar í desember á næsta ári. Þá mætir íslenska liðið Þýskalandi sem hefur fjórum sinnum orðið heimsmeistari í Duisburg. Þessi leikur er tímamótaleikur í sögu íslenskrar knattspyrnu en um er að ræða 500. leik íslenska karlalandsliðsins.

Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen munu þarna stýra sínum fyrsta leik sem þjálfarar A-landsliðsins en með í þjálfarateyminu er hinn þálfreymi Lars Lagerbäck. Þeir kynntu í gær leikmannahópinn sem valinn er í komandi verkefni en eftir leikinn gegn Þýska liðinu leikur Ísland við Armeníu og Liechtenstein. Allir þessir leikir eru á úttvelli.

Arnar Þór sagði á blaðamannafundinum þar sem hópurinn var kynntur að óvíst væri hvort Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Rúnar Alex Rúnarsson og Jón Daði Böðvarsson, sem allir leika með enskum félagsliðum, fái leyfi til þess að spila leikinn gegn Þýskalandi vegna sóttvarnareglna þar í landi. Það myndi komast á hreint á næstu dögum.

Þá sagði hann að leikmenn úr leikmannahópi U-21 árs landsliðsins sem eru á leið í lokakeppni Evrópumótsins á sama tíma og A-landsliðið er að spila fyrrgreinda leiki verði kallaðir í A-landsliðshópinn ef leyfi fæst ekki frá þýskum yfirvöldum að ensku félagsliðin sem um ræðir hleypi ekki leikmönnum í verkefnið. Enn er beðið eftir svörum frá Armeníu varðandi sóttvarnaráðstafanir þar í landi en grænt ljós er komið frá Liechtenstein um að allir leikmenn íslenska liðsins geta komið þangað og spilað.

Alfred Finnbogason er að glíma við kálfameidslí og verður þar af leiðandi fjarri góðu gamni í komandi leikjum. Athygli vekur að Björn Bergmann Sigurðarson sem leikur með norska liðinu Molde er í leikmannahópnum hjá nýju þjálf-



Lykilleikmennirnir eru í góðu standi en óvíst er með þátttöku leikmanna sem leika á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Ef miðvörðurinn Ragnar Sigurðsson leikur alla þrjá leiki Íslands í næsta landsleikjahléi verður hann annar til að ná hundrað landsleikjum fyrir karlalandsliðið á eftir Rúnari Kristinssyni (104).

urunum en hann hefur ekki spilað landsleik síðan í september árið 2018. Þá voru margir spenntir að sjá hvort að Kolbeinn Sigþórsson væri kominn í nægilega leikæfingu með Gautaborg til þess að hljóta nán fyrir augum landsliðsþjálfaranna og sú varð raunin. Lars Lagerbäck sem horfði á Kolbein spila bikarleik í Svíþjóð á dögum sagði Kolbein ekki vera í sínu besta líkamlega formi en þeir eiginleikar sem hann bjó yfir meðan hann þjálfaði hann væru enn til staðar.

Þá sagði Eiður Smári að þrátt fyrir þá staðreynd að framherjar íslenska liðsins sem voru valdir í þessu verkefni væru ekki iðnir við kolann í markaskorun með félags-

liðum sínum ylli það honum ekki áhyggjum. Framherjastaðan hjá íslenska landsliðinu væri þess eðlis að hans hlutverk væri að halda boltanum ofarlega á vellinum og skapa marktækifæri fyrir þá sem spila í kringum þá. Þó auðvitað ættu þeir sjálfir að skila sér inn í vítateiginn og skila einhverjum mörkum.

Hægri bakverðirnir Alfons Sampsted og Birkir Már Sævarsson voru valdir í leikmannahópinn og Arnar Þór ýjádi að því að Guðlaugur Victor Pálsson væri hugsaður sem miðjumaður hjá þjálfarateyminu en þeir vissu hins vegar af því að hann gæti skilað hægri bakvarðarstöðunni með miklum sóma. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Viðræður um æfingaleiki fyrir kvennalandsliðið á lokastigi

**FÓTBOLTI** Viðræður um æfingaleiki íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu í næsta landsleikjahléi eru á lokastigi og vonast KSÍ til að staðfesta leikina á næstu dögum. Þetta staðfesti Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gær. Þá standa vonir til að hægt verði að finna æfingaleiki fyrir kvennalandsliðið á Laugardalsvelli í júniglugganum.

Stelpurnar okkar áttu að taka þátt í sterku æfingamóti í Frakklandi í síðasta mánuði þar sem kvennalandsliðið hefði mætt Frakklandi, Sviss og Noregi á sex dögum. Ákvörðun var tekin um að aflýsa móttinu vegna stöðu kórónaveirufaraldursins í Evrópu. Fyrir vikið hefur liðið ekki enn leikið sinn fyrsta leik undir stjórn Þorsteins Halldórssonar sem tók við kvennalandsliðinu í janúar og ekki

leikið leik í tæplega fjóra mánuði, frá fræknum sigri gegn Ungverjalandi í byrjun desember sem tryggði Íslandi farseðil á EM.

Klara segir að leit hafi staðið yfir að undanförunu og að KSÍ hafi borið ýmis tilboð um æfingaleiki en von er á staðfestingu á leikjunum á næstu dögum. „Viðræður eru á lokastigi og við vonumst til þess að geta staðfest tvo leiki ytra í apríl á næstu dögum.“

Klara tekur undir að það sé snúin staða að skipuleggja slíka æfingaleiki þegar faraldurinn geti sett strík í reikninginn eins og í febrúar.

„Við erum búin að ræða við mörg knattspyrnusambönd, bæði innan Evrópu og utan Evrópu, um möguleika á leikjum í aprílglugganum. Þessar hugmyndir voru misjafnar, meðal annars út af sóttvörnum og ferðatilhögun en nú erum við

» Leikirnir verða fyrstu leikir kvennalandsliðsins undir nýju þjálfarateymi.

með tilboð sem okkur list vel á að öllu leyti. Við erum bjartsýn fyrir þessum möguleika þótt að það sé ekki búíð að skrifa undir neitt.“

Klara á von á því að nýja þjálfarateymið fái annað verkefni í sumar til að undirbúa liðið fyrir undankeppni HM 2023 sem hefst í september. Dregið verður í riðlana í næsta mánuði og eru fyrstu leikirnir um miðjan septembermánuð.

„Við bindum enn þá vonir við það að fá æfingaleiki fyrir kvennalandsliðið í júní. Við viljum fá einhverja heimaleiki í sumar þótt að það gæti orðið snúíð.“ – **kpt**



Vonir standa til að Stelpurnar okkar leiki æfingaleiki á heimavelli í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Íslensk gæðahráefni  
fyrir þig



**EYLÍF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)

Sigursælu húðvörurnar  
frá TARAMAR



NoTox<sup>®</sup>  
TECHNOLOGY



María segir að í leikarastarfinu þurfi hún oft að vera með mikið smink á sér frá morgni til kvölds sem skapi töluvert álag á húðina. MYND/ CHRISTOPHER LUND

## Eðalblanda fyrir húðina og sjáanlegur árangur

María Ellingsen leikkona hefur notað TARAMAR húðvörurnar í 5 ár. Áður hafði hún prófað ýmsar húðvörur en eftir að hafa kynnst TARAMAR vörunum vill hún ekki önnur krem.<sup>2</sup>



María lærði leiklist við New York háskóla og hefur unnið jöfnum höndum í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum síðan. Námskeið hennar Framkoma og ræðumennska hefur einnig notið mikilla vinsælda um árabil. „Ég kynntist Guðrúnu hjá TARAMAR þegar hún var að stofna fyrirtækið og kom til mín í þjálfun fyrir frumkvöðla. Hún bauð mér að vera í hópi kvenna sem prófuðu kremið á frumstigi. Þegar ég byrjaði að nota TARAMAR vörurnar leið ekki á löngu áður en húðin var orðin svo fin að ég þurfti ekki lengur að nota andlitsfarða dagsdaglega. Ég hugsaði með mér: Yfir hvað er ég eiginlega að mála? Mér finnst það líka skemmtilegt að núna, þegar ég er að fara eitthvað fínt og vil nota farða, nota ég mun léttari farða en áður og þarf mun minna af honum. Ég hefði einmitt haldið að því yrði öfugt farið og að með aldrinum færi maður að mála sig meira en ekki minna,“ segir María.

### Gott krem er lykilatriði í leik og starfi

María leikur þessa dagana í Er ég mamma mín? í Borgarleikhúsinu. „Þetta er yndislegt leikrit eftir Maríu Reyndal sem við vorum að frumsýna í þriðja sinn, en við þurftum að hætta sýningum tvisvar út af faraldrinum. Þetta er virkilega hjartnæm og fyndin fjölskyldusaga sem hefur náð vel til áhorfenda. Svo eru sjónvarpsþættirnir Hver drap Friðrik Dór? nýkomnir í loftið hjá Símanum, þar sem ég er færeyskur saksóknari sem gjörsamlega hakkar Villa Netó í sig í síðasta þættinum. Mjög skemmtilegt og öðruvísi verkefni. Síðast en ekki síst er ég að undirbúa það sem er, magnaðan einleik eftir danska verðlaunahöfundinn Peter Asmussen. Verkið fer á svið í haust og ég hlakka mikið til.“

En hvernig hugar María að húðinni þegar hún er með svona mörg járn í eldinum? „Á þessum síðustu og verstu tímum, þegar lífið er fullt af stressi og mikil mengun í umhverfinu, er töluverð áskorun að hugsa vel um sig. Ég fer mikið í sund og er úti í öllum veðrum á skiðum og á hestbaki. Í leikarastarfinu, hvort sem það er í leikhúsi, sjónvarpi eða kvikmyndum, er maður oft með smink á sér frá morgni til kvölds. Allt þetta skapar mikið álag á húðina og þá er nauðsynlegt að vera með nærandi krem til að mæta því. En það er sko hægara sagt en gert að rata í gegnum frumskóginn sem snyrtivörumarkaðurinn er og átta sig á öllum þessum ólíku innihaldsefnum og velja það rétta.“

Þá er nú mikill fengur að hitta hugsjónakonu eins og Guðrúnu hjá TARAMAR, sem hefur gert það að sinni köllun að búa til krem sem er ekki bara áhrifaríkt heldur líka úr ómengiðum, náttúrulegum afurðum. Það skiptir mig miklu máli að vita að í TARAMAR kremunum eru fá en sérválin efni, öll holl og örugg fyrir líkamann og að vörurnar séu framleiddar hérlandis með sjálfbærni og umhverfisjónarmiði fyrirrími. Svo er það auðvitað frábært að lykilhræfnið er þangið úr hafinu við Íslandsstrendur,“ segir María.

### Fyrsta krem leysir húðvandamál

Húðvörulína eins og TARAMAR verður ekki til á einum degi. Þróunin, sem tók nærri 10 ár, hófst sem áhugamál og hlíðarþor við sjávarlíffræðirannsóknir dr. Guðrúnar Marteinsdóttur við Háskóla Íslands. „Fyrstu kremið urðu til 2005, en ég hafði fengið að láni rannsóknarstofu hjá HÍ við Ármúla 30. Í dag er eitt af þessum kremum, Healing Treatment, svo til óbreytt í TARAMAR línunni, enda hefur það einstaka græði-



Hreinsiolía fæst gefins með hverju næturkreminu í tamar.is og Hagkaupum (Kringlu, Smára, Garðabæ og Akureyri).

## Ég hefði einmitt haldið að því yrði öfugt farið og að með aldrinum færi maður að mála sig meira en ekki minna.

María Ellingsen

eiginleika og er eitt þeirra krema sem ég er alltaf með í töskunni.“

### Varasöm varnarefni

Næstu ár lagði Guðrún sérstaka áherslu á að skoða öll manngerðu innihaldsefni sem hefðbundin snyrtivöruvörur nota og leita að leiðum til að losna við þessi efni. „Mörg af þessum efnum eru skelfileg og geta haft mjög slæm áhrif, bæði á húð og innri líkama. Sjálf þoldi ég engin af þessum efnum og stóð á tímabili í þeirri meiningu að ég gæti aldrei notað húðvörur. Stærsta áskorunin var þá klárlega að losna við rotvarnarefni. Leiðir til að rotverja eru augljóslega mikilvægur en efni sem verið er að nota eru ekki endilega góð fyrir okkur. Þetta eru efni sem drepa örverur og mörg af þeim sogast mjög hratt upp í gegnum húðina og geta safnast fyrir í frumum líkamans og haft þar ýmis skadleg áhrif.“

### Ný leið til að rotverja

Guðrún byrjaði á því að þróa formúlur sem notuðu mjög mild rotvarnarefni sem eru leyfð í matvælum. „Þessi efni geta þó valdið óþoli og eru vissulega manngerð. Ég hugsaði því stöðugt um hvernig mætti leysa þetta vandamál á annan hátt og það var ekki fyrr en 2014 að ótrúlega flottri hugmynd skaut niður í kollinn á mér. Þessa hugmynd höfum við þróað enn

frekar síðustu fimm ár og hún gerir okkur kleift að verja formúlurnar gegn örverum án þess að nota manngerð efni eða eiginleg rotvarnarefni. Þessi aðferð er nú í einkaleyfaferli og gengur undir nafninu NoTox sem er skráð vörumerki hjá TARAMAR.“

### Merkileg og virk efni frá náttúrunni

Leit TARAMAR að snjóllum efnum í náttúru Íslands er rétt að byrja, að sögn Guðrúnar. „Hvar sem við tyllum niður fæti finnum við gríðarlega merkileg efni sem þörungur og jurtir hafa þróað með sér um árþúsundir og nota í eigin varnarkerfi. Þetta eru efni sem gera TARAMAR vörurnar svo sérstakar. Tvær af þessum vörum, næturkreminu og hreinsiolíu, sem eru á tilbóði núna, byggja á íslenskum marinkjarna, hrossaþara, fjólum, hvönn og augnfró.“

### Hin gullna stund húðarinnar

„Það er mörgum kunnugt, en alls ekki öllum, að nóttin er einn mikilvægasti tími sólarhringsins fyrir húðina. Þegar við höllum höfði í lok dags vaknar húðin og hefur mikilvæga ferla sem standa yfir í marga klukkutíma. Oft er talað um gullnu stund húðarinnar sem er frá klukkan 1-4 um nóttina. Á þessum tíma losar húðin sig við úrgangsefni, blóðflæði til húðarinnar eykst sem og framleiðsla kollagenþráða og annarra byggingarefna eins og elastíns. Öll þessi framleiðsla og auknu efnaskipti í húðinni geta valdið rakatapi og sumt fólk vaknar með mun þurrari húð að morgni en þegar það fór að sofa.“

### Næturkreminu styrkir húðina á meðan þú sefur

Guðrún segist hafa velt því fyrir sér hvernig mætti nota efni úr náttúru Íslands til að aðstoða húðina við

þessa ferla og viðhalda rakanum. „Ég einsetti mér að þróa krem sem tæki þátt í þessum ferlum meðal annars með því að styðja við kollagenframleiðsluna og á sama tíma verja húðina gegn vökvatapi. Úr varð næturkreminu okkar, Night Treatment.“

Auk þess vinnum við með ákaflega flott efni sem hefur áhrif á tengingar á milli húðlaganna. Húðin er samsett úr mörgum lögum sem tengjast saman með bandvef og öðru. Þegar við eldumst rofna tengingarnar og húðin verður slök og byrjar að síga. Þetta sést til dæmis í hrukkum og stundum djúpum dölum í húðinni. Efnið sem um ræðir er peptíð, sem endurgerir þessar tengingar. Peptíðið örvar myndun eggjahvituefna (integrín og laminín) sem eru mikilvæg í að viðhalda þessum tengingum. Samspil peptíðsins og þörunganna okkar er ákaflega skemmtilegt því við höfum sýnt fram á að þörungarnir stoppa niðurbrot kollagens og elastíns í húðinni. Þessi efni, ásamt íslenskum fjólu- og augnfróarextraktum sem hafa undraverð áhrif á raka í húð og verja hana gegn vökvatapi, geta haft stórkostleg áhrif og jákvæðar breytingar sem má jafnvel sjá með berum augum.“

### Húðin varð stinnari á 28 dögum með Purifying Treatment

Hreinsun húðarinnar er afar mikilvægur þáttur í heilbrigði húðarinnar. „Húðin óhreinkast ekki bara vegna utanaðkomandi þátta heldur safnast líka fyrir í henni mikið af úrgangsefnum úr brennslu- og efnaskiptaferlum sem eiga sér stað í húðfrumunum og í líkamanum. Leiðir til að aðstoða húðina við að losna við þessi efni eru því gulls ígildi. Þegar ég byrjaði að rannsaka þörungana sá ég fljótt að þeir hafa til að bera efni sem eru eins og sniðin í þetta starf. Olíu-

Eftir að hafa prófað ýmis krem og húðvörur komst María loks í tæri við kremið frá TARAMAR. Hún segir húðina vera orðna svo fina að hún þurfi vart að nota farða lengur. MYND/ CHRISTOPHER LUND



blandan okkar sem er uppstaðan í Purifying Treatment, inniheldur bæði útdrætti úr þörungum og olíu úr þangi. Þessi efni hafa mjög sterk andoxandi áhrif, stöðva niðurbrot frá sindurefnum og soga upp úrgangsefni. Við fengum franska, óháða rannsóknastofu hjá Eurofin/DermScan til að meta virkni þessarar vöru á 28 frönskum konum sem notuðu olíublönduna tvisvar á dag í 58 daga. Niðurstöðurnar voru framar öllum vonum. Eftir 28 daga var húðin 7% stinnari og 11% raka-meiri. Eftir 58 daga var húðin farin að ljóma meira og litarhaft mælt út frá tönnum brúnna og rósráðra lita var áberandi betra. Að lokum varð bæði áferð og litur jafnari. Einnig kom vel í ljós að töluverð afeitrun hafði átt sér stað.

### Verðlaunavörur spila vel saman

Þessar tvær vörur, Night og Purifying Treatment, spila einstaklega vel saman í að styrkja og auka heilbrigði húðarinnar. „Margir hafa nefnt að þeim finnst áferðin verða svo skemmtileg og í raun svo góð að þeir fyllist löngun til að strjúka húðina aftur og aftur.“ Bæði Night og Purifying Treatments hafa hlotið alþjóðlegar viðurkenningar. Night Treatment hlaut gullverðlaun sem besta næturkreminu 2020 í samkeppni Global Makeup Awards. Purifying Treatment hlaut silfurverðlaun sem besta hreinsiolíu í sömu keppni. TARAMAR vörurnar voru auk þess valdar sem besta lífræna snyrtivöruvöruvirkni 2020 (Best Organic Beauty Brand) í Global Makeup Awards keppninni. Þar fékk Eye Treatment silfurverðlaun og The Serum fékk gullverðlaun fyrir hönnun og útlit. Í ár hefur TARAMAR þegar hlotið ein gullverðlaun í viðbót sem nýstárlegasta, náttúrulega húðvöruvirkni 2021 (The Most Innovative Natural Skincare Company) í bresku keppninni, Health, Beauty and Awareness.

Tilboð: Hreinsiolía fæst gefins með hverju næturkreminu í tamar.is og Hagkaupum (Kringlu, Smára, Garðabæ og Akureyri).





NÝ SENDING AF  
GALLABUXUM



*hjá*  
**Hjafnildi**



# Fágaður, stílhreinn og töffaralegur fatastíll

**Gabriela Jóna Ólafsdóttir vakti athygli fyrir frábæra ræðu en ekki síður einstaklega glæsilegan og óhefðbundinn klæðaburð við útskriftarathöfn hjá Háskólanum í Reykjavík nýlega. Þar mætti Gabriela í stórglæsilegum pallettu aðsníðnum síðkjól með hárrí klauf þar sem falletur líkamsvöxturinn naut sín vel.**

sjofn@torg.is

Gabriela var að útskrifast sem tölvunarfræðingur og er að vinna í nokkrum sprotafyrirtækjum þar á meðal sprotafyrirtækinu Atlas Primer. „Þar erum við að sérsníða lausn sem aðstoðar nemendur, sérstaklega lesblinda, við að læra með aðstoð talgervils. Mér finnst frábært tækifæri að fá að aðstoða fólk sem er að glíma við svipaðar hindranir og ég þurfti að fást við í minni skólagöngu.“

Gabriela tekur fram að það séu góðir hlutir að gerast núna í frumkvöðlaheiminum og margvísleg framþróun fyrirsjáanleg á næstunni sem muni hafa jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfið.

## Amma er fyrirmynd

Gabriela er einnig þekkt fyrir sína faguðu framkomu og fatastíl og eftir henni er tekið.

*Hefur þú ávallt haft sköðun á því hvernig fötum þú vilt klæðast?*

„Nú ætla ég að vera algjörlega hreinskilin. Ég myndi ekki segja að ég hefði besta augað fyrir hönnun og tísku, ég get alveg oft verið svo-

litið púkalega klædd,“ segir Gabriela og hlær. „Mögulega var maður of mikill nörd. En ég hef alltaf verið heppin með hversu smart konurnar í mínu lífi hafa verið. Mamma hefur einstakt auga fyrir hönnun og ég fæ hana yfirleitt alltaf með í ráðin. Einnig á ég flottustu ömmu á Íslandi og hún og konan hennar eru mér fyrirmyndir í lífinu og klæðavali.“

## Klæðir sig eftir skapi

*Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?*

„Breytilegum, ég klæði mig eftir skapi. Já og eftir því sem ég sá mömmu eða ömmu seinast í,“ segir hún og hlær. „Ég hef samt alltaf litið upp til einstaklinga sem klæðast ávallt eins fötum. Ég man sem táningur þegar ég las bókina um Steve Jobs og hvernig hann valdi að klæðast því sama alla daga til þess að minnka ákvarðanatöku og einfalda líf sitt. Þetta þykir mér aðlaðandi þæling en mér hefur ekki tekist enn að fylgja þessum lífsstíl. Ég réttlæti það með því að það auki möguleikana á að örva sköpunargáfunu að klæða sig ekki alltaf eins,“ segir Gabriela og bætir hlæjandi við að hún sé mögulega ekki að taka jafn margar og mikilvægar ákvarðanir og hann gerði á sínum tíma.

## Á einn rúllukragabol í hverjum lit

Gabriela á sér sínar uppáhaldsflíkur og sumra þeirra gæti hún ekki verið án. „Ég elska rúllukragaboli. Ef það er flík sem ég gæti ekki lifað án þá er það rúllukragaboliur,



Gabriela í pilsí frá Zöru með Guess-tösku og í Hunter-stígvélum, töffaraleg og smart. „Ég elska stígvélina, ég vona að stígvél verði tiskan í sumar.“



Buxur og rúllukragaboli úr Lindex, ullarkápa frá Zöru og Camper-skór.



Gabriela í fallettri dragt frá Massimo Dutti og hælaskóm. „Mamma á allan heiðurinn af þessu lúkki,“ segir Gabriela. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GLÆSILEGAR  
VORYFIRHAFNIR

SKÖÐIÐ  
LAXDAL .IS

Fylgið okkur á FB



Skípholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

**77** Mamma hefur einstakt auga fyrir hönnun og ég fæ hana yfirleitt alltaf með í ráðin. Einnig á ég flottustu ömmu á Íslandi og hún og konan hennar eru mér fyrirmyndir í lífinu og klæðavali.

Ég á einn í hverjum lit,“ segir hún og brosir. „Þeir eru þægilegir en smart og eru fullkomnir fyrir veðurfarir á Íslandi.“

## Elskar lágbotna skó

Gabriela segist ekki eiga sér neinn uppáhaldshönnuð eða tiskuvörumerki heldur velji hún það sem henni finnst fallett og klæða sig vel. „Í rauninni á ég engan uppáhaldshönnuð eða -merki, ég klæðist bara því sem mér þykir fallett og það er breytilegt. Þú ættir að spyrja mömmu eða ömmu kannski frekar,“ segir hún og hlær.

*Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?*

„Ég elska flotta, lágbotna skó. Amma er alltaf í geggjúðum skóm, og ég á það til að fara beint eftir að ég er búin að hitta hana og kaupa mér alveg eins. Hilda hennar ömmu vinnur hjá Steinari Waage og skórnir þar eru geggjáðir. Annars leyfi ég mér líka að ganga um á háum hælum þó ég sé hávaxin, alger óþarfi að láta normið halda aftur af sér.“

## Úr ómissandi fylgihlutur

Fylgihlutir setja gjarnan punktinn yfir klæðaburðinn og spila stórt hlutverk í heildarútlitinu.

*Þegar þú velur þér fylgihluti hvað finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?*

„Úr, en aðallega bara svo maður sé ekki alltaf að kíkja á símann til þess að vita hvað tímanum líður. Var orðin hálfgerð þráhyggja að kíkja alltaf á símann svo ég hef verið að reyna að fækka þeim skiptum sem kalla á að ég dragi hann fram.“



Gabriela Jóna í flottum bol.



Rúllukragaboli klæða Gabrielu einstaklega vel og gera hana virðulega. Rúllukragaboliurinn er úr Lindex og buxurnar eru frá Levi's.



# LOKADAGAR



## LAGERSALA

# NTC

📍 HALLARMÚLI 2

## ALLRA SÍÐUSTU DAGARNIR

LAGERSÖLU NTC LÝKUR Á SUNNUDAGINN 21.MARS

VINSÆL MERKI Í FATNAÐI OG SKÓM FYRIR  
DÖMUR OG HERRA Á ALLT AÐ 70% AFSLÆTTI

1.000 KR - 2.000 KR - 3.000 KR  
4.000 KR - 5.000 KR - 7.000 KR  
9.000 KR - 12.000 KR - 15.000 KR

SAMSØE SAMSØE

five  
UNITS

VINSÆL VÖRUMERKI

carhartt

DAY  
BIRGER \* MIKKELSEN

MOSS  
REYKJAVÍK

PART TWO

ETON

J.LINDBERG



BY MALENE BIRGER

VANS

HERSCHEL  
SUPPLY CO.  
TRADE MARK

billi bi  
COPENHAGEN

Calvin Klein

InWear

ENVII

Paul Smith

FILA

TIGER OF SWEDEN



Matinique

Lagersala NTC

Fimmtudag - Sunnudag: 11:00 - 18:00

lagersalantc

Hallarmúli 2



# Elskar tískuna í Gossip Girl

Heiðdís Rós Reynisdóttir leggur áherslu á að vera vel til höfð og lýsir stílnum sínum sem fágúðum og kynþokkafullum. Hún nýtur lífsins þar sem hún er búsett í Miami en saknar þó fjölskyldunnar og Bæjarins bestu.

hjordiserna@frettabladid.is

Heiðdís Rós er 32 ára gömul, fædd og uppalin í Garðabænum en hefur verið búsett erlendis um árabíl.

„Ég er fördunarfræðingur, áhrifa-valdur og Snapchatter. Ég er búin að búa í Bandaríkjunum í ellefu ár, átti heima í Los Angeles en flutti til Miami, Flórída, fyrir ári síðan,“ segir Heiðdís. „Ég elska allt sem snýr að tísku, innanhússarkitektúr, lúxuslífsstíl og list.“

## Ólíkir litir og mynstur

Heiðdís hefur haft mikinn áhuga á tísku frá því að hún var unglingur en segir fatastíl sinn hafa breyst töluvert í gegnum tíðina. „Ég er mjög mikið að blanda saman ólíkum litum og mynstrum og finnst mjög gaman að vera öðruvísi en aðrir,“ segir hún.

„Ég held ég hafi byrjað að spá meira í tískuna eftir að ég flutti til Bandaríkjanna. Ég skoða mikið tiskutímarit og aðra áhrifavalda en ég myndi lýsa stílnum mínum sem „classy“, kynþokkafullum og fágúðum. Ég elska til dæmis að klæðast fallegum litríkum kjólum eða pils og „crop top“ með fallegum áberandi jakka.“

## Attu þér uppáhaldsflík?

„Ég á margar flíkur sem ég held upp á en ég held að Balmain-jakkinn minn sé einn af mínum uppáhalds því hann er svo sérstakur en ég á líka marga fallega kjóla sem eru í uppáhaldi.“

## Elskar að kaupa einstök fót

Blaðakona spyr Heiðdís hvaðan hún fái helst innblástur. „Ég fæ nú bara innblásturinn frá sjálfri mér en ég elska líka tískuna í Gossip Girl þáttunum hérna í gamla daga, sérstaklega hjá söguhetjunni Blair Waldorf. En ég elska líka stílinn



hennar Kylie Jenner,“ svarar hún.

„Ég kaupi voða mikið fötin mín á netinu og svo á ég líka nokkrar boutique búðir í Miami og NYC þar sem ég hef fengið mín fallegustu fót sem enginn annar á. Ég elska að kaupa fót sem eru einstök því ég er ekki mikið fyrir að ganga í sömu fötum og aðrir. Ég er rosa hrifin af öllu frá Chanel og Balmain.“

## Eyðirðu miklu í fót?

„Já, ég eyði mikið í fót en þau eru ekki alltaf dýr, ég kaupi frekar í magni því ég er ein af þeim sem eru kannski í flíkinni einu sinni eða tvisvar.“

## Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?

„Ég er mjög sjálförugg þannig að ég myndi ekki segja að ég sé með veikleika. Mér finnst gaman að vera vel til höfð með hár, sólbrúnku, neglur og tísku á hreinu.“

## Notarðu fylgihluti og skart?

„Ég var meira að nota fylgihluti í gamla daga en fötin mín eru oftast mjög áberandi og svo er ég bara

Heiðdís er óhrædd við að klæðast litum og þykir gaman að vera vel til höfð með hár, sólbrúnku, neglur og tísku á hreinu. MYND/ AÐSEND



Heiðdís er sjálförugg og fær innblástur frá sjálfri sér en einnig Gossip Girl og Kylie Jenner.

Ég skoða mikið tiskutímarit og aðra áhrifavalda en ég myndi lýsa stílnum mínum sem „classy“, kynþokkafullum og fágúðum.

með látlaua fylgihluti, kannski stundum belti.“

Hvernig hugsarðu um húðina og hárið?

„Ég er ein af þeim heppnu sem eru með mjög góða húð. Ég reyni að nota andlitsmaska tvisvar í viku og nota gott rakakrem. Ég þrif á mér hárið einu sinni, stundum tvisvar í viku og svo nota ég þurrsjampó á milli.“

## Allir í Miami í augnablikinu

Heiðdís saknar heimalandsins og þá sérstaklega ákveðinna hluta. „Ég sakna Íslands, aðallega foreldra minna og vina. Síðan sakna ég líka Bæjarins bestu og langlokuristar.“

Það er nóg um að vera hjá Heiðdís. „Á þessu ári stefni ég að alls konar verkefnum en ég er núna að vinna sem VIP-gestgjafi þar sem ég leigi út snekkjur, „exotic“ húsnæði, „exotic“ bíla og borð á flottustu stöðunum í Miami.“

Ljóst er að Heiðdís er á réttri hillu í lífinu. „Það er virkilega gaman og ég hitti mjög mikið af fólki. Það er rosalega mikið að gera og ég þéna vel því það eru allir í Miami í augnablikinu. Ég hef líka verið að vinna að ýmsum skemmtilegum verkefnum sem ég er svaka spennt fyrir og ekki síst að deila með fylgjendum mínum.“

Áhugasamir geta fylgst með lífi og ævintýrum Heiðdísar á Instagram undir: hrosmakeup og á Snapchat

VOR Í LOFTI  
CASUAL KÓSY COOL

comma,  
CASUAL IDENTITY

SMÁRALIND COMMAICELAND



Heiðdís klæðist gjarnan pils og jakka í stíl sem fer henni ákaflega vel.





Kjöll  
11.990,-  
st.42-56



Kjöll  
12.990,-  
st.38-50



Skyrta  
9.990,-  
st.42-56



Jakki  
16.990,-  
st.38-52



Blússa  
12.990,-  
st.38-52



Buxur  
11.990,-  
st.38-52



Túnika  
7.990,-  
st.42-56



Bolur  
8.990,-  
st.38-54



Bolur  
6.990,-  
st.42-56

Buxur  
7.990,-  
st.42-56

NÝ SENDING AF TÖSKUM  
Skoðaðu úrvalið á [WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS](http://WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS)



7.990,-



6.990,-



6.990,-



# Tískusýning á flugvélarvæng



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is

**Breyttur veruleiki kallar á nýjar lausnir, í tiskuheiminum jafnt og annars staðar. Á tiskuvíkunni í París sem fram fór í byrjun mánaðarins reyndi á hugmyndaflug skipuleggjenda.**

Í febrúar í fyrra var kórónaveirufaraldurinn við það að skella á í Parísarborg á sama tíma og troðfullar tískusýningar fóru fram í borginni á árlegri tiskuvíku. Gestir voru með sótthreinsunarspritt á lofti og grínuðust með að kyssast loftkoss um leið og þeir veltu fyrir sér hverjir gætu mætt aftur í vinnu og hverjir þyrftu að fara í sóttkví eftir sýningu. Þrátt fyrir allt var tiskuvíkan í París í fyrra með óbreyttu sniði að mestu leyti. Staðan á tiskuvíkunni í ár sem fór fram 1.-10. mars var allt önnur.

Allar sýningar að þessu sinni voru annað hvort upptökur eða beint streymi. Ritstjórar tiskumiðla, blaðamenn og kaupendur fóru ekki til Parísar eins og venjan hefur verið heldur horfðu þeir á sýningar heima hjá sér. Margir hönnuðir fundu upp á nýstárlegum aðferðum til að kynna hönnun sína og nýttu möguleika stafræna tiskusýninga til hins ýtrasta.

## París færð til gestanna

Þar sem gestirnir gátu ekki komið til Parísar og upplifað borgina á tiskuvíkunni brugðu sumir hönnuðir á það ráð að koma með París til gestanna. Dior sýndi tiskumynd innblásna af ævintýrum sem tekin var upp inni í Versölum. Louis Vuitton sýndi nýjustu hönnun sína í Michelangelo- og Daru-sölunum í hinu fræga Louvre-safni.

Listrænn stjórnandi Balmain, Oliver Rousteing, setti aftur á móti sína sýningu upp á vængjum flugvélar Air France. Boðskort voru send út til gestanna í formi eftirlíkinga af vegabréfum, flugmiðum og hálsþúða með Balmain-merkinu.

## Billjós lýstu upp sýningarpallana

Á sýningunni á nýjustu línu Coperni voru 70 gestir sóttir á 35 rafbilum og var keyrt með þá gegnum borgina yfir á AccorHotels-leikvanginn. Í útvarpi bílanna mátti heyra kynningu á sýningunni og billjósín lýstu upp sýningarpallinn þar sem fyrirsætturnar gengu um og sýndu fötin.

Það er því ljóst að möguleikar til tiskusýninga eru fjölbreyttir og þegar ekki er hægt að halda hefðbundnar sýningar í fullum sal áhorfenda þá þarf bara að hugsa út fyrir boxið og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þá gerast ótrúlegir hlutir.



Frá myndatöku fyrir Balmain á tiskuvíkunni í París. Fyrirsætturnar sýndu meðal annars uppi á flugvélarvæng. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sýning Louis Vuitton var lokasýning fyrstu áhorfendalausar tiskuvíkurinnar í París sem fór fram nú í mars.



Louis Vuitton færði París til áhorfendanna með því að sýna á Louvre-safninu.


# SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS

mottumars.is





# AFMÆLISHÁTÍÐ CURVY

Í DAG, FIMMTUDAGINN 18 MARS - OPIÐ FRÁ KL 11-19

Við erum orðin 10 ára og blásum til mikillar veislu !!

- \* Fyrstu 30 sem versla fyrir 10 þúsund krónur eða meira fá veglegan gjafapoka
- \* Ný vörulína verður frumsýnd - KAFFE CURVE
- \* 15% kynningarafsláttur af nýju KAFFE CURVE línunni alla helgina
- \* 30-50 % afsláttur af völdum vörum alla helgina
- \* Milli kl 17-19 í dag kemur matarvagninn REYKUR og býður uppá léttar veitingar
- \* Stílistaráðgjöf og kynning á nýju KAFFE CURVE línunni

Curvy 

FRÍ HEIMSENDING  
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR  
5000 KR EÐA MEIRA



KAFFE CURVE  
Bomber jakki  
~~16.990 kr~~  
**14.442 kr**



KAFFE CURVE  
Ankle buxur  
~~14.990 kr~~  
**12.742 kr**



KAFFE CURVE  
Kjólur  
~~12.990 kr~~  
**11.042 kr**



KAFFE CURVE  
Pleðurbuxur með teygju  
~~12.990 kr~~  
**11.042 kr**



KAFFE CURVE  
Toppur  
~~7.690 kr~~  
**6.537 kr**

KAFFE CURVE  
Pils með vösum  
~~9.990 kr~~  
**8.492 kr**



KAFFE CURVE  
Opin peysa með vösum  
~~9.990 kr~~  
**8.492 kr**



# Best klæddir samkvæmt Vogue

Vogue er þeirrar skoðunar að Harry Styles hafi verið best klæddi karlinn á Grammy-verðlaunahátíðinni en á vef tímaritsins er Bad Bunny, Bruno Mars og Anderson .Paak og fleirum líka hrósað fyrir vel heppnað útlit.

oddurfreyr@frettabladid.is

Grammy-verðlaunahátíðin var haldin í 63. skipti síðasta sunnudagskvöld í bandarísku stórborginni Los Angeles. Þar bar hæst að Beyoncé varð sigursælasti listamaðurinn á hátíðinni frá upphafi þegar hún vann sín 28. Grammy-verðlaun. En á Grammy-verðlaunahátíðinni, rétt eins og öðrum verðlaunahátíðum, eru það ekki bara verðlaunin sem skipta máli, heldur líka tískan. Þrátt fyrir heimsfaraldurinn var haldin lítil verðlaunahátíð með rauðum dregli og þangað mætti fólk í sínu finasta þússi til að sýna sig og sjá aðra.

Tiskuvefurinn Vogue hefur tekið saman lista yfir best klædda fólkið á hátíðinni og þetta eru karlarnir sem voru taldir bera af.

Harry Styles var í sérniðnum fötum frá Gucci, bæði á rauða dreglinum og þegar hann kom fram og á rauða dreglinum var hann líka með fjólubláar fjaðrir um hálsinn. Að mati Vogue var hann best klæddi karlinn þetta kvöld.

Vogue var líka hrifið af stíl Bad Bunny, sem var klæddur í Burberry-föt frá toppi til tóar og var með stórt sólblóm í hendinni, gul sólgleraugu og hatt með eyrum.

Tiskuvitarnir hjá Vogue hrósuðu líka Bruno Mars og Anderson .Paak, sem mættu saman með stór sólgleraugu og í jakkafötum í anda áttunda áratugarins. Þau voru líka hrifin af samhæfðu útliti BTS, bleiku jakkafötunum hans Finneas, stílhreinu og klassisku útliti Trevor Noah og óhefðbundnum stíl Jhay Cortez.



Trevor Noah mætti í þessum hefðbundnu og stílhreinu jakkafötum.



Vogue var meðal annars hrifið af klæðnaði og útliti Jhay Cortez.



Vogue er þeirrar skoðunar að þessi múndering hafi gert Harry Styles glæsilegasta karlinn á Grammy-verðlaunahátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Stíll Bad Bunny vakti líka athygli, ekki síst vegna fylgihlutanna.



Finneas klæddist þessum bleiku jakkafötum sem eru frá Gucci.



Anderson .Paak og Bruno Mars voru kumpánlegir og vel til hafðir í fatnaði sem minnti á 8. áratug síðustu aldar.

## ÖPP

Föstudaginn 26. mars gefur Fréttablaðið út sérblaðið Öpp.

Öll notumst við við öpp af einhverju tagi dagsdaglega í símunum okkar.

Mörg fyrirtæki vilja líklega kynna öppin sín sem og þeir sem eru að hanna og búa til ný öpp.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:  
Jóhann Waage, markaðsfulltrúa  
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





**STUDIO - Elna tunika**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 14.980



**STUDIO – Mona kjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr 13.980




**STUDIO – Cathrine kjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr 14.980



**STUDIO – Tina kjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr 13.980



**SANDGAARD Stockholm síð skyrta**  
Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu  
Stærðir 36-54  
Verð kr. 12.980



**YESTA Ankie Essential kjóll**  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 10.980



**YESTA Hasana shiffonkjóll**  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 12.980




**YEST shiffon kjóll með blómamynstri**  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 18.980



**ES&SY Nanouk síðermabolur**  
Stærðir 36-46  
Verð kr. 5.980



**ES&SY - Teddy hettupeysa**  
Fæst líka í gráu  
Stærðir 36-48  
Verð kr. 7.980



**YESTA Adah léttur sumarjakki**  
Fæst líka í fuchia bleiku  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 19.980



**ZHENZI Amme hálsíð úlpa/vendingur,**  
Fæst í svörtu og navybláu  
Stærðir 42-58  
Verð kr. 14.980



**YESTA JoyA gallabuxur**  
Fæst í svörtu, gallabláu, ljósbláu,  
hvítu og gráu  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 19.980



**TAMARIS klassískar mokkaíur**  
Fást líka í svörtu  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 11.990



**TAMARIS léttir strigaskór**  
Fást líka í svörtu og bleiku  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 11.980



**TAMARIS inniskór**  
Fást í rauðu, bláu, svörtu,  
beige, gráu og hvítu  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 9.980



**JANA leður strigaskór**  
leðurskór með rennilás  
Fást líka í hvítu  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 17.990



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nissan Qashqai Tekna. 2/2016 ekinn aðeins 52 þ. Km. Tveir eigendur. Leður og rússkinn. Glerþak. 360° myndavélar. Topp þjónusta. Geysilega flottur bíll. Lágur verð miðað við búnað og akstur: 3.350.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Þjónusta

### Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjónusta einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörþjónusta.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
retta.is  
olafur@retta.is

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



ERKERT, PRÓF. Engin bygging. **RAFVESPA** 60V/900W með 60 km. drægni. Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði. Rauð, svört eða hvít. **Kr. 179.000,-**



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

### STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

## Geymslúhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

Lettnesk kona óskar eftir vinnu við verksmiðjustörf eða þríf á höfuborgarsvæðinu. Harðdugleg og góð meðmæli. Sími 861 5718

## GRÆNLANDSSJÓÐUR

### Grænlandssjóður auglýsir eftir styrkumsóknum í sjóðinn.

Nánari upplýsingar er að finna á vef stjórnarráðsins, www.mrn.is/gronlandsfonden

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2021.

15. mars 2021  
Stjórn Grænlandssjóðs

Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



## Þjónusta

### Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjónusta einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörþjónusta.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
retta.is  
olafur@retta.is

## PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

## Rúnar Múrari ehf

S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir - Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.  
https://runarmurari.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

# Parftu að ráða?

## ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Erum við að leita að þér?



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Íslensk framleiðsla í 3B drif  
Auðbrekku 6 200 Kópavogi  
Sími 565-8899 normx@normx.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætavíðgerðir, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

## Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða  
www.reisum.is

## EYJALIND

Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is





# Fréttumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



HRINGBRAUT



# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Guðný Jónsdóttir**

Álftamýri 26,

lést mánudaginn 15. mars á Landspítalanum Fossvogi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Aðalheiður Benediktsdóttir** **Hörður Árnason**  
**Jón Ágúst Benediktsson** **Jónína Sigurðardóttir**  
**Guðrún Þóra Benediktsdóttir** **Hjörtur Erlendsson**  
**Þórður Benediktsson** **Kristín Unnur Þórarinsdóttir**  
 barnabörn og barnabarnabörn.



Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Þorgeirsdóttur**

fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. mars kl. 15.00.

Útförinni verður streymt á slóðinni [youtu.be/6ZfHb5AmYbw](https://youtu.be/6ZfHb5AmYbw). Gestir eru beðnir um að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og símanúmer.

**Margrét Jónsdóttir** **Árni K. Magnússon**  
**Jónas P. Jónsson** **Anna M. Sveinbjörnsdóttir**  
**Kristján Jónsson** **Birna Guðmundsdóttir**  
**Unnur Jónsdóttir** **Þórður Þórisson**  
 barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Jónína Salný Stefánsdóttir**

frá Mýrum í Skriðdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 15. mars síðastliðinn.

**Stefán Þórarinn Ingólfsson** **Margrét B. Einarsdóttir**  
**Páll Rúnar Ingólfsson** **Eydís G. Sigurðardóttir**  
**Hafdis Odda Ingólfssdóttir** **Ingjalður H. Ragnarsson**  
**Ingvi Ingólfsson** **Stefanía L. Óladóttir**  
**Faney Ingólfssdóttir** **Birgir Vignisson**  
**Sigurður K. Ragnarsson**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ernu Sigurbaldursdóttir**

frá Ísafirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilis Grundar fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Hólmfríður S. Sigurðardóttir** **Ragnar Stefánsson**  
**Pétur Örn Sigurðsson**  
 barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Helga Björnsdóttir**

frá Suðureyri, áður Árskógum 8,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hólmavík 7. mars sl. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 20. mars kl. 14.

Útförinni verður streymt á Facebook-síðu Guðmundar Víktors Guðafssonar.

**Guðmundur Víktor Guðafsson**  
**Guðbjörg Guðafsdóttir**  
**Magnús Guðafsson**  
 og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Heimir skilur ekkert í því að hann skuli vera orðinn sextugur og samt ekki gamall! Það er dularfullt! FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Heimir ræður engu í Bítinu eftir klukkan átta í dag

Hinn morgunhressi Heimir Karlsson á Bylgjunni er sextugur í dag og félagar hans, Gulli og Þráinn, hafa hótað að taka af honum öll völd um áttaleytið. Heimir var ráðinn á Stöð 2 áður en hún fór í loftið og hefur lengst af verið á tengdum miðlum síðan.

**A**ð ég sé sextugur finnst mér fjarstæðukennt því þegar ég var ungur þótti mér sextugt fólk gamalt. Lífsskilyrðin voru önnur þá og fólk var ekki eins upplýst um mikilvægi hreyfingar og holls mataræðis," segir Heimir Karlsson fjölmiðlamaður, þegar hann er minntur á merkisafmælið. Hann er ekki með stór plön fyrir daginn og í vinnunni eru ráðin tekin af honum að einhverju leyti. „Gulli og Þráinn sem eru með mér í bítinu á Bylgjunni segja að ég fái ekki að stjórna neinu í þættinum eftir klukkan átta. Þeir eru með eitthvað á þrjónunum.“ Þar sem Heimir er mikill morgunhani er viðbúið að hann taki „leggjarann“ um miðjan daginn og þó að saltað hrossakjöt og karryréttur eiginkonunnar séu í mestu uppáhaldi á matseðli hans býst hann við að fara út að borða í kvöld með konu og dóttur, föður og tengdamóður. En börnin tvö úti í heimi verða fjarri góðu gamni.

Heimir kveðst vera A-týpa, eins og sagt er. „Ég vil fara að sofa frekar snemma, helst ekki seinna en ellefu. Skrið oft upp í hálf níu til níu en verð eiginlega að horfa á tíufréttirnar til að fylgjast með. Svo vakna ég um fimm og er kominn í loftið tíu mínútur í sex.“ Þótt útsending sé búin klukkan tíu árdegis er vinnudeginum ekki lokið. „Í þættinum tókum við á hinum ýmsu málefnum í samfélaginu og verðum að fylgjast með allan daginn í tölvum og öðrum fjölmiðlum. Við leyfum okkur samt að hugsa ekkert um þáttinn á laugardögum en sunnudagurinn fer í að undirbúa mánudaginn. Þetta er hugarfarsleg binding og það er eiginlega bara einn frídagur í viku.“

**Einn í íþróttaréttum**  
 Fjölmiðlaferillinn hófst áður en Stöð 2 fór í loftið 1986, eins og Heimir lýsir. „Bróðir minn, Jón H. Karlsson, spilaði bumbubolta í hádeginu með Ólafi H. Jónssyni sem kom að stofnun Stöðvar 2. Í sturtunni spurði Ólafur strákana hvort þeir vissu um einhvern sem gæti séð um íþróttir á stöðinni og Jón nefndi mig. Ég var búinn að spila í efstu deildum og landsliðum í fótbolta og handbolta og

fór í prufuviðtal hjá Jónasi R. „Hvernig heldurðu að þér líði fyrir framan myndavélina?“ spurði hann, ég svaraði „vel“ og var ráðinn. Það var ekki flókið. Var einn í íþróttaréttunum í nokkur ár og flutti svo til Englands. Þegar ég kom aftur heim fór ég að leysa af í morgunsjónvarpi Bylgjunnar og tók við þeim þætti ásamt Ingu Lind 23. janúar 2004.“

**Í ellefta sæti fyrir Alþýðuflokkinn**

Spurður hvaða eiginleikar hafi nýst honum best í starfinu svarar Heimir: „Að vera bara ég sjálfur og reyna að spyrja þeirra spurninga sem hinn almenni hlustandi vill fá svör við. Svo hef ég lært að vera þokkalega umburðarlyndur því það eru alltaf tvær eða fleiri hliðar á öllum málum.“

Erta jafnaðarmaður? „Ja, ég var einu sinni í framboði til alþingiskosninga fyrir Alþýðuflokkinn á Reykjanesi – í ellefta sæti. Þá var tekið viðtal við mig í bæjarblaðinu og fyrrisögnin var „Það er pólitík að kaupa skyr“ – sem er náttúrulega svo mikil heimspeki að ég skil hana ekki sjálfur!“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Hjartans þakkir fyrir sýndan hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra

**Friðriks Björnssonar**

Ársölum 3.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11E sem og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka umhyggju og alúð.

**Gunngeir Friðriksson** **Edda Björg Sigmarsdóttir**  
**Sigurros Friðriksdóttir** **Steinar Óli Jónsson**  
**Ásgeir Herðisarson** **Kristín Hinriksdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Sigriður Erlendsdóttir**

lést á Hrafnistu Nesvöllum, þriðjudaginn 9. mars.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, föstudaginn 19. mars, kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á Facebook: Njarðvíkurkirkjur - Útfarir

Fyrir hönd aðstandenda,  
**Finnur Eyjólfsson**



# Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl frá 4.995



Viðgerðarkollur 7.495



39.995

Verkfæraskápur á hjólum

99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Jeppatjakkur 2.25T 52cm 19.995



Viðgerðarbretti 4.895



Hjólattjakkur 2T m/tösku 4.795



Vélagálgi 2T 49.999



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par 9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél

Mikið úrval af LED kösturum og ljósum



Sandkassagrafa 4.995



13.995

Flísaög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Verðmæta-skápar frá 5.995



Lyklabox í miklu úrvali



4.995

Verkfærasett



1.995

Burstasett í borvél



frá 995

Límbyssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



5.999

Fjölsög Höfftech



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Reykjavík  8   7 °C   ↑	Ísafjörður  8   15 °C   ↗	Akureyri  11   5 °C   ↑
Egilsstaðir  11   4 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  11   3 °C   ↗	Hveravellir  3   7 °C   ↑

Suðlæg átt, víða 8-15 m/s, en hvasviðri eða stormur á norðanverðu Snæfellsnesi fram á nótt. Rigning eða súld með köflum, en þurrt á N- og A-landi og léttir til þar á morgun. Hiti 5 til 15 stig, hlýjast A-til.

## Föstudagur

Reykjavík  5   2 °C   →	Ísafjörður  4   13 °C   ↗	Akureyri  9   15 °C   ↗
Egilsstaðir  11   6 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  9   9 °C   ↗	Hveravellir  4   10 °C   ↑

## Laugardagur

Reykjavík  4   7 °C   ↓	Ísafjörður  4   3 °C   ↗	Akureyri  4   0 °C   ○
Egilsstaðir  3   3 °C   ↓	Kirkjubæjarkl  5   8 °C   ↘	Hveravellir  -1   5 °C   ↘

### LÉTT

			2	6	1	3	7
2	9		3	7		4	
			5		6		
	1		8		3	2	
5	8		6		4		
		7	1	9		8	5
		1					
				3		1	
4	5	2					

### MIDLUNGS

		8	1		2			
3			2		4	9	8	
			3			4	6	5
	1		9	8				
			5		1			9
4			6		7	3		
				5	2			
	2					5	7	
		7					2	3

### PUNG

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8				6		
	7			1	4	6		
5		1					4	
						9		3
8				4		9	2	

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- 1 dufl
- 5 fag
- 6 í röð
- 8 síga
- 10 átt
- 11 ónóg
- 12 klöpp
- 13 svæði
- 15 sjávardýr
- 17 úrræði

### LÓÐRÉTT

- 1 kaupsýsla
- 2 tigna
- 3 kvk nafn
- 4 pinu-ponsu
- 7 reyktur
- 9 ávarp
- 12 hraka
- 14 gaul
- 16 mynni

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 bauja, 5 fón, 6 gth, 8 slakna, 10 na, 11 hanginn, 9 kveðju, 12 bila, 14 væli, 16 ós.  
LÓÐRÉTT: 1 biness, 2 aðla, 3 una, 4 agnar, 7 van, 12 berg, 13 svið, 15 sæljón, 17 lausn.

## Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2578) átti leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (2483) í Íslandsbikarnum.

29...Hxd5! Langbesti leikurinn. 30. exd5 g4! 31. h5 Hc4 32. Hg3 Bh4 32. Hg2 g3. Svartur er með yfirburðastöðu sem dugði til sigurs nokkru síðar. Íslandsmótið í skák og Íslandsmót kvenna hefjast í lok mars. Flestir sterkustu skákmenn og skákkonur meðal keppenda!

www.skak.is: Íslandsmótið í skák.

### Svartur á leik



6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2

1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frade Øverli

## Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

www.bjornsbakari.is

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433  
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35





Afturdrifin útgáfa Marvel R Electric býður einnig upp á 150 litra farangursrými undir húddinu að framan.

## MG5 og Marvel R eru nýjustu rafbílar MG

Njáll Gunnlaugsson njall@frettabladid.is



**MG kynnti á þriðjudag, í beinni útsendingu á YouTube, tvær nýjar kynslóðir rafbíla sem koma á Evrópumarkað síðar á þessu ári. Bílarnir heita MG Marvel R Electric sem er rafknúinn jepplingur í SUV-C-flokki, búinn mikilli tækni og öryggisbúnaði, og MG5 Electric sem er fyrsti skutbillinn á rafbilamarkaðnum.**



Hámarksdráttargeta MG5 er 500 kg.

Matt Lei, forstjóri MG Motor Europe, gat þess við kynninguna að þegar MG tók við breska merkinu og endurreisti undir hatti SAIC Motor, hefði fyrirtækið tekið þá staðföstu ákvörðun að leggja höfuðáherslu á að uppfylla þarfir og væntingar Evrópubúa sem vildu eindregið skipta yfir í rafknúnar og umhverfisvænni bifreiðar með því að bjóða bíla af miklum gæðum og með miklum öryggis- og þægindabúnaði á sem viðráðanlegustu verði. „Með hinum nýju MG Marvel R Electric og MG5 Electric kynnum við tvær nýjar kynslóðir 100% rafbíla sem uppfylla væntingar kröfuharðra Evrópubúa, svo sem kröfuna um aðlaðandi útlitshönnun, stuttan hleðslutíma, háþróaðan öryggisbúnað og sanngjarnt verð.“

MG Marvel R Electric er 4.674 mm langur, 1.919 mm á breidd og 1.618 mm á hæð en hjólhafið mælist 2.800 mm. Að auki er MG Marvel R Electric einnig búinn 19,4 tommu snertiskjá og 12,3 tommu stafrænu mælaborði. Marvel R Electric hefur meira en 400 kílómetra drægi (WLTP), og tengist AC 11 kW hleðslustöðvum auk DC hraðhleðslustöðvum sem veitir allt að 80% hleðslu á aðeins 30 mínútum. Annar eiginleiki MG Marvel R Electric er V2L kerfið (vehicle-to-load) sem gerir kleift að nýta rafhlöðu bílsins til að veita hleðslu yfir á önnur og ótengd rafkerfi, svo sem í loftdælu, fartölvu eða jafnvel rafknúna vespu. MG Marvel R Electric er búinn þremur rafmótorum; einum að framan og tveimur að aftan. Billinn er 302 hestöfl með 665 Nm hámarkstogi sem gerir kleift að aka úr kyrrstöðu

í 100 km/klst. á aðeins 4,9 sekúndum. Búnaður MG Marvel R Electric verður kynntur nánar er nær dregur frumsýningu hans hjá BL við Sævarhöfða, sem gert er ráð fyrir að verði í sumar.

MG5 Electric er fyrsti 100% rafbillinn í „skutútgáfu“ þar sem höfuðáhersla er lögð á notagildi bílsins fyrir fjölskyldur og ferðaglaða. Þannig er farangursrýmið 578 lítrar og stækkanlegt í 1.456 lítra. MG5 er 4.544 mm að lengd, 1.811 mm að breidd og 1.513 mm há, og hjólhafið 2.665 mm. Rafhlaða MG5 veitir rúmlega 400 km drægi (WLTP) og skilar rafmótor bílsins 183,5 hestöflum og 280 Nm tugi.

Nánari grein verður gerð fyrir útbúnaði MG5 er nær dregur frumsýningu bílsins í Evrópu sem gert er ráð fyrir að verði í október.

## Kia kynnir nýtt útlit með EV6

**Kia hefur frumsýnt fyrsta rafbíl sinn sem hannaður er frá grunni, en ekki byggður á gerð sem annars er í boði. Bílurinn er ætlað að beina fókusi á rafvæðingu bíla Kia með nýju og fersku útliti.**



Einkennandi afturljós ná frá afturhjóllum í boga yfir allan afturenda bílsins.

Kia EV6 er fyrsti billinn sem byggður er á E-GMP rafbílundirvagninum. Það sést vel að billinn er rafmagnsbíll þar sem að nánast ekkert grill er á bílnum. Framljósir eru stór og ná alveg aftur að framdekkjum og kallar Kia þetta útlit „Stafrænt andlit tígursins“ sem nokkurs konar þróun frá fyrra útliti. Einnig er EV6 fyrsti billinn til að nota nýtt merki Kia. Þaklínar minnir meira á kúpubak svo að billinn er sportlegur á að líta. Sumir hafa eflaust áttað sig á líkindum hans við Ioniq 5 bíl Hyundai enda byggja bílarnir á sama grunni og verða líkast til með sömu rafhlöðu og rafmótora. Það þýðir að billinn verður með annað hvort 58 eða 72,6 kWst rafhlöðu með allt að 500 km drægi. Nokkrar

aflútgáfur verða í boði, allt frá afturhjóladrifi með 168 hestöfl og 350 Nm tog, upp í fjórhjóladrifi bil með 208 hestöfl á afturdrifi og 94 hestafla mótör að framan. E-GMP undirvagninn býður upp á 800V rafkerfi sem þýðir að hann ræður við allt að 200 kW hleðslustöð, svo hægt verður að hlaða bílinn frá 10% í 80% á aðeins 18 mínútum.

Að innan verður billinn með nýju upplýsingakerfi sem kallast AVN (Audio Visual and Navigation) og

er í háskerpu. Verður hluti af stjórnborði bílsins gegnum bogadreginn skjáinn. Lögð verður áhersla á notkun endurvinnanlegra efna og eru framsætin úr endurunnu plasti. Billinn verður formlega frumsýndur 30. mars næstkomandi og munu þá frekari upplýsingar leggja fyrir. Mun sala á honum hefjast í kjölfarið en engin verð hafa verið gefin út fyrir frumsýningu, segir Jónas Kári Eiríksson, vörumerkjastjóri hjá Öskju.

# COMBO TILBOÐ



SÓMA LANGLOKA & GOS - 500 ML\*  
**899**  
KR/STK



SÓMA SAMLOKA & GOS - 500 ML\*  
**699**  
KR/STK

\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni



FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

Laugarveg 116 • Austurstræti 17



# Leikhúsið er besti sögumaðurinn

**Kafbátur er nýtt íslenskt barnaleikrit eftir Gunnar Eiríksson sem Þjóðleikhúsið frumsýnir. Höfundurinn starfar sem leikari og leikstjóri í Noregi.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



**K**afbátur í leikstjórn Hörpu Arnardóttur er nýtt íslenskt barnaleikrit eftir Gunnar Eiríksson sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 20. mars. Verkið var valið úr riflega 150 innsendum verkum í samkeppni Þjóðleikhússins um barnaleikrit.

Höfundurinn Gunnar Eiríksson er leikari og leikstjóri sem býr í Noregi. „Ég er Íslendingur og á norskan pabba og íslenska mómmu. Ég er fæddur í Tromsø, langt í norðri, og á tvö yngri systkini, bróður sem býr í Noregi og systur sem býr í Reykjavík,“ segir Gunnar. Vorið 2011 útskrifaðist hann sem leikari frá Leiklistarháskólanum í Brændalögum og hefur síðan leikið við flest leikhús í Noregi og í sjónvarpi. „Ég hef fengið tækifæri til að kalla mig bæði Pétur Gaut, Hróa Hött, Ósvald Alving, Gregor Samsa og Jósef frá Nasaret. Ég lék í fyrsta skipti í sjónvarpi árið 2019, þegar ég lék lögreglumanninn Frank Haukeland í sjónvarpsþáttunum Twin, sem Kristofer Hivju lék líka í. Þættirnir voru seldir til meðal annars Bandaríkjanna, Bretlands, Þýskalands og Íslands.“

Sama ár spurði leikhússtjórnin í leikhúsinu í Haugesund, Morten Joachim, hvort ég gæti hugsað mér að leikstýra sýningu þar. Ég hafði unnið með honum sem leikari áður og greinilega blandað mér nógu mikið inn í leikstjórnina til að hann vildi gefa mér tækifæri til að skapa eitthvað sjálfur.

Ég hafði aldrei leikstýrt áður en

svaraði já, svoltið taugaóstyrkur, og byrjaði að leita að efni. Eftir að hafa lesið bækur og leikrit fyrir bæði börn og fullorðna fann ég ekkert sem mér fannst henta. Þess vegna spurði ég leikhússtjórnann hvort ég mætti skrifa leikritið sjálfur. Sem betur fer fyrir mig svaraði hann: „Ég hélt þú ætlaðir aldrei að spyrja. Það er auðvitað það besta!“

## Heillast af kafbátum

En af hverju skrifa verk um kafbát? „Ég hef alltaf heillast af kafbátum og umhverfi þeirra, að innan og utan, og hvernig börn og fullorðnir líta hver á sinn hátt á þá. Þess vegna settist ég niður og skrifaði um fjölskyldu sem býr í kafbát. Á sama tíma og ég var að skrifa þetta leikrit hringdi afi minn á Íslandi í mig og sagði mér frá samkeppni Þjóðleikhússins um efni fyrir börn. Ég sendi inn handritið og vonaði það besta. En þegar ég sá hvesu mörg verk og hugmyndir höfðu verið send inn hugsaði ég ekki svo mikið um það meir. Ég var viss um að Kafbáturinn yrði ekki valinn. Ég varð þess vegna steinhissa þegar Magnús Geir leikhússtjóri hringdi allt í einu einn daginn og sagði mér að mitt handrit hefði orðið fyrir valinu. Kafbátur er frumraun mín sem leikritaskálds og þó að ég hafi tekið þátt í að semja leikrit og leiksýningar áður, er þetta fyrsta verkið sem ég skrifa algerlega sjálfur.“

## Fljóta og sökkva samtímis

Spurður um efni leikritsins segir Gunnar: „Kafbátur fjallar um stelpu sem heitir Argentína og býr með pabba sínum og rafmagnsál í kafbáti. Þetta er framtíðarverk þar sem allur heimurinn er hulinn vatni. Argentína veit ekki hvernig heimurinn leit út áður. Pabbi hennar hefur aldrei sagt henni frá því. Nú ferðast



Ég var viss um að Kafbáturinn yrði ekki valinn, segir Gunnar. MYND/JÓI KJARTANS.



Leikrit Gunnars, Kafbátur, verður frumsýnt á laugardag.

þau um í rafkafbátum sínum, sem er drifinn af rafmagnsálmum, og leita að eldsneyti fyrir tímavélina. Með henni ætla þau síðan að ferðast til baka til kvöldsins sem mamma hvarf, svo Argentína geti eignast mómmu aftur. En í leit þeirra birtast ýmsar skepnur sem breyta öllu.“

Spurður hvort það sé boðskapur í leikritinu segir Gunnar: „Kafbátur fjallar um það að vera hræddur við að segja börnum sannleikann, hversu einfalt það er að taka ákvarðanir án þeirra en hversu

mikilvægt það er að leyfa þeim að eiga þátt í þeim. Verkið fjallar um heim okkar og hvert hann stefnir og um vináttu og von. Það fjallar um að fljóta og sökkva samtímis. Þetta hljómar kannski sorglega en er það sannarlega ekki. Þetta er frásögn barnanna, full af gleði og hlýju.“

Ég vildi skrifa fyrir börn af því að þau eru svo ótrúlega hreinskilin sem áhorfendur og segja miskunnarlaust hvað þeim finnst. Og með svo hreinskilna áhorfendur gat ég skrifað algerlega hreinskilna sögu

**ÉG VILDI SKRIFA FYRIR BÖRN AF ÞVI AÐ ÞAU ERU SVO ÓTRÚLEGA HREINSKILIN SEM ÁHORFENDUR OG SEGJA MISKUNNARLAUST HVAD ÞEIM FINNST.**

nákvæmlega eins og mig langar til að segja þeim hana. Og þegar ég er hreinskilnastur er ég líka barna-legastur.“

Hann er að lokum spurður hvort hann sé með fleiri hugmyndir að leikritum og segir: „Það eru ýmsar hugmyndir á sveimi í kollinum á mér í augnablikinu. Ég er ekki viss um hvort þær enda í bók eða verða að einhverju fyrir sjónvarp. Kannski verða þær aldrei að neinu. Ég vil allra helst að hugmyndir mínar endi í leikhúsi. Fyrir mér er leikhúsið besti sögumaðurinn, með mestan leik, sköpunarkraft og húmor. Svo já, ég hef ýmsar hugmyndir! En ég veit ekki alveg hvert ég ætla næst. Kannski inn í draumalönd? Þar held ég að margt geti gerst.“

## Opinberun Bachs í Jóhannesarpassíunni

### TÓNLIST

**Jóhannesarpassían eftir Bach**  
★★★★★

**Langholtskirkja**  
sunnudaginn 14. mars

**Flutningur:** Kór og Kammersveit Langholtskirkju.

**Stjórnandi:** Magnús Ragnarsson.  
**Einsöngvarar:** Benedikt Kristjánsson, Fjölur Ólafsson Hildigunnur Einarsdóttir, Íris Björk Gunnarsdóttir og Ólafur Freyr Birkisson.

Nýlega varð allt brjálað þegar grínisti í skemmtiþættinum Saturday Night Live lagði út af því að Ísraelar væru búnir að bólusetja helming þjóðarinnar. Hann sagðist giska á að það væri gyðinglegi helmingurinn.

Tónsmíð eftir Bach hefur verið umdeild af svipuðum ástæðum. Það er Jóhannesarpassían, stórt verk fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Verkið byggir á textanum í Jóhannesarguðspjalli, og fjallar

um handtöku, yfirheyrslu og krossfestingu Jesú Krists. Af öllum guðspjöllunum er gyðingum þar mest kennt um dauða hans. Þeir eru vondi gæinn í sögunni.

Í sumum uppfærslum á Jóhannesarpassíunni hefur textanum verið breytt, „gyðingar“ orðið að „fólkinu“. Það var ekki gert á tónleikum í Langholtskirkju á sunnudagskvöldið.

## Fögur kóratriði og ariur

Jóhannesarpassían er magnað tónverk, burtséð frá því hverjir eiga sök á krossfestingunni. Kóratriðin eru fögur og sumar ariurnar svo hrifandi að það er alveg einstakt.

Tónsmíðin er byggð upp eins og sú kristna hugleiðsla sem hefur verið við lýði í gegnum aldirnar, og er kölluð Lectio divina, það er andlegur lestur. Þar er stuttur texti úr Biblíunni, venjulega Nýja testamentinu, lesinn hægt nokkrum sinnum, og síðan hugleiddur. Loks er beðið út frá honum.



Frammistaða Benedikts Kristjánssonar var mergjuð, segir Jónas Sen.

Í Jóhannesarpassíunni er sögumaður sem syngur frásögnina, en einsöngvarar og kórinn eru í hlutverki persónanna í sögunni. Með reglulegu millibili er atburðarásin fleyguð með arium og kóratriðum,

þar sem efni ritningarinnar er hugleitt og tilfinningar um það eru tjáðar. Með þessu móti er farið talsvert dýpra í guðspjallið en efsagan væri eingöngu sögd eins og hún kemur fyrir í Biblíunni.

## Af hástemmdri hjartahlýju

Flutningurinn olli ekki vonbrigðum. Leikur Kammersveitar Langholtskirkju var stílhreinn og akkúrat. Helst mátti finna að barokkhjóðfærinu sem Sigurður Halldórsson sellóleikari spilaði á um tíma, en það var býsna hjáróma.

Kór Langholtskirkju söng af hástemmdri hjartahlýju, túlkunin var blátt áfram, en samt einlæg. Samsöngurinn var þéttur og fallegur.

Einsöngvararnir stóðu sig frábærlega vel. Frammistaða Benedikts Kristjánssonar, sem var guðspjallamaðurinn og sagði söguna, var mergjuð. Hann söng meira og minna allan tímann, en verkið tekur um tvær klukkustundir.

Mikið var á hann lagt. Hann þurfti að túlka alls konar tilfinningar með finlegum blæbrigðum sem komu afar vel út hjá honum. Gaman hefur verið að fylgjast með honum vaxa; söngur hans er orðinn miklu kraftmeiri en bara fyrir nokkrum árum síðan.

Fjölur Ólafsson var líka flottur sem Jesús og Hildigunnur Einarsdóttir, Íris Björk Gunnarsdóttir og Ólafur Freyr Birkisson stóðu sig með þryði.

Magnús Ragnarsson stjórnandi hélt utan um alla þræði verksins af smekkvísi og fagmennsku. Tónlistin fékk að flæða tilgerðarlaust, en var samt þrungin tilfinningum. Fyrir bragðið varð Jóhannesarpassían að einhverju sem var miklu meira en tónlist. Hún var dyr inn í æðri veruleika sem ekki er hægt að lýsa með orðum.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Stórbrotinn flutningur á Jóhannesarpassíunni eftir Bach.



# SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á [mottumars.is](http://mottumars.is)



Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS





# Ófullgert

**Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar um sýningu á verkum Georgs Guðna í Listasafni Íslands.**

Nú um stundir, áratug eftir ótímabært og hryggilegt lát Georgs Guðna listmálara, er óhætt að segja að allir þeir sem fjallað hafa af tilhlýðilegri alvöru um lífsstarf hans séu á einu máli um mikilvægi þess fyrir íslenska malaralist. Í stuttu máli þá blés hann nýju lífi í íslenska landslagsmálverkið, sem farið hafði halloka fyrir tilraunakenndu nýraunsæi SÚMara á sjöunda áratug síðustu aldar og ýmsu öðru sem fylgdi í kjölfarið. Yfirhaling Georgs Guðna á landslagshefðinni fól meðal annars í sér endurskoðun á merkingu hennar í ljósi þess sem var að gerast í samtímanum, ekki síst endurmats manna á fyrirbærinu „viðerni“. Á niunda áratug síðustu aldar hafði hrjóstrugt og „óaðlaðandi“ viðerni hálandisins loksins eignast sína talsmenn í kjölfar hápólitískrar umræðu um það sem menn kölluðu „viðunandi fórnarkostnað“ vegna virkjanafrankvæmda.

Georg Guðni setti sig upp á móti staðfræðinni, jarðfræðinni, veðurfræðinni og öðru trússi sem hlaðist hafði upp í landslagstengdri myndlist á landinu mestan hluta tuttugustu aldar. Mótvægið þóttist hann finna í verkum íslensku frumherjanna, jafnvel einnig utangarðsmanna af ýmsu tagi, alþýðumálara, náttúrufræðinga og umflakkandi útlendinga, þar sem fátt var að finna utan grunnþætti á borð við haf, land og sjóndeildarhring. Þessa þætti tók Georg Guðni til sérstakrar meðferðar, einfaldaði enn frekar og kembdi saman við það sem gerist í rýminu milli augans og efnisheims: rigningu, dumbungu, þöku, skýjafar, jafnvel áunna dulúð þjóðsögunnar.

Við það aftengdi Georg Guðni staði, einkum og sérilagi „markverða“ staði og breytti þeim í huglæga fyrirbærið „griðastaði“, uppfulla með „ihugunum, ímyndunum og tilfinningum... og ekki síst þeirri einsemd sem er manninum lífsfylling“, svo vísað sé til þess sem listamaðurinn segir í ágætri bók sem vinur hans, Viggo Mortensen leikari, gaf út um hann í Bandaríkjunum. Óhjákvæmilega beinir ljósmettuð órafjarlægðin og upplausn hlutanna í verkum hans sjónum okkar einnig að því sem bandarísk listfræðingurinn Martica Sawin kallaði „eiflðar-sýnina handan náttúrunnar“.

## Þekkt stærð

Allt hefur þetta verið kirfilega reifað í veglegum sýningartengdum bókum og skráum um listamanninn á síðustu áratugum. Helstu söfn á landinu hafa sett upp yfirlits-sýningar á verkum hans með reglulegu millibili: Listasafn Reykjavíkur 1998, Listasafn Íslands 2003, Listasafnið á Akureyri 2007 og að minnsta kosti tvær bækur hafa fjallað ítarlega um Georg Guðna, áður nefnd bók á vegum Viggos Mortensen og „The Mountain“, umfangsmikil bók á vegum Listasafnsins á Akureyri. Að ógleymdum fjölmörgum ritgerðum eftir málsmetandi listrýna í skráum og tímaritum úti í löndum. Og þótt verk Georgs Guðna þoli að sjálfsögðu frekari eftirgrennslan, þá verður hann nú að teljast ágætlega „þekkt stærð“ í sögu íslenskrar samtíma-myndlistar.



Berangur er yfirskrift sýningarinnar í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Georg Guðni við vinnu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engu að síður þykir Listasafni Íslands ástæða til að setja upp stóra sýningu númer tvö á verkum Georgs Guðna í meginsal safnsins, þar sem hún tekur sig vel út, svo því sé komið til skila. Þetta er sýning sem virðist hafa verið skipulögð með litlum fyrirvara; að minnsta kosti er hennar ekki getið á vefsíðu safnsins síðastliðið haust. Og í svo miklum flýti að ekki náðist að gefa út sýningarskrá í tæka tíð. Sú skrá sem selja á áhorfendum rétt fyrir sýningarlok er ekki helguð nýjum myndlistarlegum viðhorfum til verka listamannsins, heldur hafa tvö skáld verið kvödd til að ljóða á hann. Þetta tvennt, síðbúnað (og stundum endanlega ókomnar) sýningarskrár og hirduleysi um myndlistarlega þýðingu verka sem tekin eru til sýningar, er eiginlega orðið til vandræða á stóru söfnunum.

Markmið sýningarinnar, skilgreint í kynningartextum safnsins, og að hluta til í viðtali við sýningarstjórnann, Einar Garibalda listmálara, í Morgunblaðinu, er að sýna „valin landslagsmálverk listamannsins frá síðustu starfsárum hans“, 2005-2011. Á þeim tíma hélt Georg Guðni löngum til á vinnustofu sinni við Hekklurætur, sem hann kallaði að Berangri. Að mati



Verkin á sýningunni eru frá síðustu starfsárum listamannsins.

**SÁ „HRAÐI“ „EFNISKENND“ OG „ÓPREYJA“ SEM MENN TELJA SIG GREINA Í ÞESSUM VERKUM ERU EINFALDEGA MERKI UM AÐ ÞEIM SÉ EKKI LOKIÐ.**

aðstandenda sýningarinnar er hér um að ræða sérstakt og afmarkað tímabil með „sterku svipmóti“ hins „hrjóstruga eyðilands“ umhverfis Berangur, „meiri hraða og meiri efniskennd“ í vinnubrögðunum en áður, ásamt með „óræðri leit“ og „óþreyjufullar kenndir“. Um leið er ýjað að því að í þessum verkum sé að finna einhvers konar forboða („feiknstafi“) hins svipleiga fráfalls listamannsins nálægt Berangri.

## Fimbulkamb

Nema hvað forsendur þessarar sýningar og skýringarnar sem fylgja henni eru býsna nálægt því að vera hreint og klárt fimbulkamb. Hér er hvergi nefnt einu orði það sem blasir við hverjum þeim sem fylgdist með verkum og verklagi Georgs Guðna hér á árum áður, nefnilega að stór hluti sýningarinnar, sennilega tveir þriðju, er verk sem ekki eru til lykta leidd, sem sagt ókláruð. Þar á meðal eru sennilega öll verk frá dánarári listamannsins, 2011, og eldri myndraðir með stökum fjöllum í nágrenninu, sem eru klárlega á frumstigi þeirrar vinnslu sem listamaðurinn hafði tamið sér.

Þetta held ég að megi staðfesta með því að velta við myndum, því Georg Guðni hafði fyrir síð að merkja þær ekki fyrr en hann var orðinn ánægður með útlit þeirra. Sá „hraði“ „efniskennd“ og „óþreyja“ sem menn telja sig greina í þessum verkum eru einfaldlega merki um að þeim sé ekki lokið. Hvernig safnið fær af sér að horfa fram hjá þessari staðreynd, jafnvel þótt sýningarstjórninn láti í viðtali í ljós efasemdir um að hluti verkanna sé fullgerður, er ofar mínum skilningi.

Vissulega hafa verið haldnar sýningar á ófullgerðum verkum horfanna listamanna úti í hinum stóra heimi, en þá eru þau kynnt sem slik og yfirleitt notuð til greiningar á sköpunarferlinu. Blekkingarleikur sá sem hér er stundaður, fyrir vanþekkingu, hugsunarleysi eða ásetning, er fyrir neðan virðingu Listasafns Íslands.

Aðalsteinn Ingólfsson



**BRIM**  
Regnkápa  
Kr. 8.990.-



**VETUR** Húfa  
Kr. 2.990.-



**SALEWA**  
MS Dropline GTX  
Kr. 29.990.-



**HIMINN** Barna hettupeysa  
Kr. 6.990.-

**VALUR** hettupeysa  
Kr. 9.990.-



**HVÍTANES** Merino peysa  
Kr. 13.990.-



**DÖGG** Regnkápa  
Kr. 11.990.-



**VERA** hettupeysa  
Kr. 9.990.-



**DAÐI** Regnkápa  
Kr. 11.990.-



**VERA** Hettupeysa  
Kr. 9.990.-



**GOLA** Barna regnjakki  
Kr. 5.990.-



**VALUR** Jogging buxur  
Kr. 8.990.-



**HVÍTANES** Merino peysa  
Kr. 13.990.-



Þín útivist - þín ánægja

**ICEWEAR**  **MAGASÍN**

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

**VOGAR** Húfa  
Kr. 990.-



**FJÖRÐUR**  
Hanskar með gripi  
Kr. 2.990.-

**LYNG** Ullarsokkar  
Kr. 1.590.-



**GRÍMSEY** Hanskar  
Kr. 2.900.-



**KLEMENZ** Hettupeysa  
Kr. 8.990.-



**MÍA** Tveggja  
laga regnbuxur  
Kr. 14.990.-

**VIÐAR** Ullarhúfa  
Kr. 3.990.-



**Vinir**   
**fá sérkjör**

Skráning á [icewear.is](http://icewear.is)

**ARIEL**  
Angora ullarsokkar  
Kr. 1.298.-



**HELLA** Sundpoki  
Kr. 2.590.-

**GOLA** Barna regnbuxur  
Kr. 4.990.-



**SALEWA**  
Alpenrose 2 MID  
Kr. 30.990.-



**FUNI** Dúnúpa  
Kr. 33.990.-



**HIMINN** Barna jogging buxur  
Kr. 5.990.-

**STEINAR**  
Coolmax göngusokkar  
Kr. 1.490.-







**PIETA**  
SAMTÖKIN



STYRKARLEIKUR

Í KVÖLD 19:45

Í OPINNI DAGSKRÁ



PIETA SAMTÖKIN  
KT: 410416-0690  
REIKN NR. 0301-26-041041



# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís.
- 19.00 Markaðurinn**
- 19.30 Saga og samfélag**
- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Suðurnesja-magasín** **Vikurfréttir** Mannlíf, atvinnulíf og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.

### RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
- 09.10 Kastljós**
- 09.25 Menningin**
- 09.35 Íslendingar**
- 10.25 Öðruvísi magaverkir**
- 11.00 Upplýsingafundur Almannavarna**
- 11.30 Eldsmíðjan**
- 12.15 Heimaleikfimi**
- 12.25 Taka tvö II**
- 13.15 Lífsins lystisemdir**
- 13.45 Tiskuvítar**
- 14.55 Övæntur arfur**
- 15.55 Sagan bak við smellinn – Don't Stop Believin'**
- 16.25 Manndómsár Mikkos – Þriðja þrautin - skíðaganga**
- 16.55 Ljósmyndir**
- 17.50 Táknálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Allt um dýrin**
- 18.25 Lars uppvakningur**
- 18.40 Lúkas í mörgum myndum**
- 18.50 Krakkafréttir**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.05 Kveikur**
- 20.45 Aldamótabörn verða tvítug** Árið 1999 hóf BBC tölur á þáttunum Aldamótabörn þar sem fylgst var með 25 börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað var um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra. Tuttugu árum síðar er lítið til baka. Í þættinum er fjallað um þrjú barnanna, sem nú eru orðin fullorðin.
- 21.45 Gert við gömul hús**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Glæpahneigð**
- 23.00 Undirrot hatus**
- 23.40 Dagskrárlök**

### STÖÐ 2 GOLF

- 09.00 European Tour 2021**
- 14.50 Champions Tour Highlights 2021**
- 15.45 PGA Special: This is Mackenzie Tour**
- 16.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
- 16.30 PGA Highlights 2021**
- 17.30 PGA Tour: The Cut 2021**
- 18.00 PGA Tour 2021**
- 22.00 PGA Special: Bubba Watson and Friends Match**

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

### SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 13.00 Dr. Phil**
- 13.42 The Late Late Show**
- 14.22 Superstore**
- 14.43 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
- 15.25 90210**
- 16.40 Family Guy**
- 17.00 The King of Queens**
- 17.20 Everybody Loves Raymond**
- 17.45 Dr. Phil**
- 18.30 The Late Late Show**
- 19.15 The Kids Are Alright**
- 19.40 Single Parents**
- 20.10 Með Loga**
- 20.45 Hver drap Friðrik Dór?**
- 21.25 9-1-1**
- 22.15 Fargo**
- 23.05 The Late Late Show**
- 23.50 The Resident**
- 00.35 Station 19**
- 01.20 Law and Order: Special Victims Unit**
- 02.05 Your Honor**
- 03.05 The Good Lord Bird**
- 03.55 The Walking Dead**

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisd**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisd**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Á tónsviðinu**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Flakk**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Hljómboxið**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Mannlegi þátturinn**
- 20.00 Sinfóniútonleikar**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.09 Lestur Passíusálma**
- 22.16 Samfélagið**
- 23.10 Segðu mér**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.25 The Trip to Spain**
- 12.10 Austin Powers in Goldmember**
- 13.45 Yesterday**
- 15.40 The Trip to Spain**
- 17.25 Austin Powers in Goldmember**
- 19.00 Yesterday**
- 21.00 Gringo**
- 22.45 Men in Black: International**
- 00.40 Ready or Not**
- 02.10 Gringo**

### STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 Veronica Mars**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The O.C.**
- 10.05 Gilmore Girls**
- 10.50 It's Always Sunny In Philadelphia 14**
- 11.05 Friends**
- 11.30 Bibba flýgur**
- 11.50 Dýraspítalinn**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Gossip Girl**
- 13.35 Tribe Next Door**
- 14.20 X-Factor Celebrity**
- 15.25 The Greatest Dancer**
- 16.25 Fresh off the Boat**
- 16.50 Extreme Acne: In Search of a Cure**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 BBQ kóngurinn**
- 19.40 Temptation Island USA**
- 20.25 Hell's Kitchen USA**
- 21.10 The Blacklist**
- 21.55 NCIS**
- 22.40 NCIS: New Orleans**
- 23.25 Real Time With Bill Maher**
- 00.25 Tell Me Your Secrets**
- 01.15 Prodigal Son 2**
- 02.00 Finding Alice**
- 02.45 Nostalgia**
- 03.15 The O.C.**
- 03.55 It's Always Sunny In Philadelphia 14**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 18.45 Halaprúðar hetjur**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.50 The Office**
- 21.10 Who Do You Think You Are? 17 UK**
- 22.15 Svínasúpan**
- 22.40 Nashville**
- 23.25 Roswell, New Mexico**
- 00.05 Friends**
- 00.30 Friends**
- 00.55 The Office**

### STÖÐ 2 SPORT

- 08.00 Domino's körfuboltakvöld**
- 09.30 Grindavík - Þór Þ.**
- 10.55 KR - Valur**
- 12.30 Stjarnan - Þór Ak.**
- 13.50 Njarðvík - Tindastóll**
- 15.30 Haukar - Þór Ak.**
- 17.00 Domino's körfuboltakvöld - kvenna**
- 17.45 Breiðablik - Valur**
- 19.25 Hestalífið: Gummi Ben á hestbak í fyrsta sinn**
- 19.45 Valur - Tindastóll**
- 22.00 Domino's tilþrífín 15. umferð**
- 22.45 Valur - ÍBV**
- 00.00 Þór Þ. - Stjarnan**

### STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.50 Acunsa GBC - Valencia Basket Club**
- 09.25 Meistaradeildarmörkin**
- 09.55 Torino - Sassuolo**
- 11.40 Bayern Munich - Lazio**
- 13.20 Chelsea - Atlético Madrid**
- 15.00 Philadelphia 76ers - San Antonio Spurs**
- 16.45 Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar**
- 17.45 Dinamo - Tottenham**
- 19.50 AC Milan - Manchester United**
- 21.55 Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar**
- 22.50 Arsenal - Olympiacos**

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin





STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:

UPPSELT 21. MARS!

AUKATÓNLEIKAR  
22. mars kl. 20.00  
Eldborg Hörpu



# JÓN MÚLI ÁRNASON 100 ÁRA

GESTASÖNGVARAR  
Ellen Kristjánsdóttir  
Jón Jónsson  
Sigríður Thorlacius  
Sigurður Guðmundsson

STJÓRNANDI & KYNNIR  
Sigurður Flosason

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050





Laufey Elíasdóttir leikur Brynju.

## Harmur í bakgarðinum

Gamanmyndin Hvernig á að vera klassa drusla, var fyrsta íslenska kvikmyndin til þess að rata í bíó eftir að kvikmyndahúsin komust út úr kófinu. Þorpið í bakgarðinum fylgir í kjölfarið á morgun og ballið er rétt að byrja því að á næsta leyti eru myndirnar Alma, Síðasti saumaklúbburinn og Shadowtown.

Þorpið í bakgarðinum stendur svo sannarlega undir nafni þar sem leikstjórinn Marteinn Þórssón tók hana mikið til upp í bakgarðinum heima hjá sér í Hveragerði.

Sagan, sem Marteinn skrifaði ásamt Guðmundi Óskarssyni, hverfist um Brynju, fertuga konu, sem getur ekki horfst í augu við móður sína sem yfirgaf hana á unga aldri og leitar athvarfs í þorpi rétt fyrir utan Reykjavík. Þar kynnist hún Mark, 50 ára gömlum breskum túrista, sem glímur við sinn eigin persónulega harm.

Laufey Elíasdóttir leikur Brynju en breski leikarinn Tim Plester leikur Mark en hann er líklega þekktastur sem óþverrinn Black Walder Rivers í Game of Thrones auk þess sem hann lék útgefandann RT Baker í Queen-myndinni Bohemian Rhapsody. Meðal annarra leikara í þorpinu í bakgarðinum eru Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Sóley Elíasdóttir, Helgi Svavar Helgason, Eygló Hilmarisdóttir, Jóhann Gunnarsson, Mínerva Marteinsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Irma Lín Geirsdóttir og Edda Þorkeldsdóttir.



Aftur heim? skoðar heimafæðingar.

## Átta ára meðganga

Dögg Mósesdóttir frumsýndi heimildarmynd sína Aftur heim? á Skjaldborgarhátíðinni í haust en atburðir höguðu því þannig að fleiri urðu sýningarar ekki. Fyrr en nú þegar myndin kemur eftir talsverða bið í Bíó Paradís þar sem hún verður frumsýnd í dag.

Myndin fjallar um ferðalag Daggar í gegnum heim heimafæðinga á Íslandi en Dögg reyndi sjálf að fæða dóttur sína heima. Myndin er mjög persónuleg en þrjár fæðingar skipa stóran sess í myndinni.

Fæðingarnar vekja upp ýmsar spurningar og vangaveltur, meðal annars um kvenleikann, vald kvenna yfir eigin líkama og hvar konur og fjölskyldur upplifa sitt „heima“ í fæðingum. Myndin tók átta ár í framleiðslu og þar af tvö ár að klippa og má segja að myndin hafi ekki verið átakalaus fæðing.

# 1990 var að hringja og vill fá Eddie sinn aftur

AMAZON PRIME

Coming 2 America

★★★★★

**Leikstjórn:** Craig Brewer  
**Aðalhlutverk:** Eddie Murphy, Arsenio Hall, Jermaine Fowler, KiKi Layne, Leslie Jones

Eddie Murphy var frábær í hinum löngu sigildu myndum Beverly Hills Cop, Trading Places og 48 Hrs. sem á árabílinu 1982-1984 gerðu hann að eftirsóttasta og vinsælasta leikara níunda áratugarins.

Hann var því á hátindi frægðar sinnar og réði öllu sem hann vildi ráða þegar hann trommaði upp í gamanmyndinni Coming To America 1988 sem byggði á sögu sem hann samdi sjálfur og var allt í öllu.

John Landis leikstjórnir myndinni en sá farsæli 80's-leikstjóri hafði þá þegar gert garðinn frægan með til dæmis An American Werewolf in London, The Blues Brothers og Three Amigos! auk þess sem þeir Murphy höfðu áður unnið saman í Trading Places.

### Fyndinn Akeem

Sjálfum fannst Murphy hann svo fyndinn að hann lét sér ekki nægja að leika aðalhlutverkið heldur brá hann sér óþekktanlegur í nokkur aukahlutverk og tókst ágætlega að stela senunni frá sjálfum sér sem eftirminnilega ruglaður rakari og fyrst og fremst söngvarinn Randy Watson í hljómsveitinni Sexual Chocolate.

Coming to America sagði ósköp einfalda sögu dekurprinsins Akeem frá Afríkuríkjunu Zamunda sem þvert á vilja föður síns, konungsins, hafnaði fyrirhuguðu hagsmunahjónabandi og hélt yfir hafið til New York í leit að sannri ást og drottningu í Queens-hverfinu.

Coming to America fékk fjórar stjörnur í Tímanum í október 1988 þar sem Akeem prins var sagður „léttur, fyndinn og beittur, eða einfaldlega góður“ og þess getið að hlátursöldurnar hafi margt gengið um bíosalinn sem „þétt var setinn þótt um ellefu sýningu væri að ræða“.

Ekki þótti þó sérstök ástæða til þess að fylgja myndinni eftir með framhaldi fyrr en fyrst núna, 33 árum seinna. Eftirspurnin eftir Coming to America 2 virðist enda ekki hafa verið mikil og útkoman er þannig að betur hefði verið heima í Zamunda setið en af stað farið.

Í raun má deila um hvort Coming to America 2 sé boðleg bíómynd og því fer ákaflega vel á því að hún streymi í okkar átt frá Amazon Prime, hvar hún er ágætlega geymd.

### Asnalegur Akeem

Murphy og Akeem báru gömlu myndina uppi en gera nú fátt markvert annað en draga framhaldið niður. Akeem er orðinn alger pappakassi og alveg pikkfastur í hefðunum sem hann reis upp gegn í fyrri myndinni og þar með hefur helsta grínmótornum verið kippt úr sambandi.

Murphy stendur því uppi ófyndinn og asnalegur þegar hann snýr aftur til New York til þess að leita að týndum syni sínum, getnum í lausaleik, þar sem elsta dóttir hans má ekki erfa konungsríkið og hann



Jermaine Fowler stendur leiðinlega alvarlegum Eddie Murphy langt að baki sem ósköp mislukkaður arftakinn.



Eddie Murphy og Arsenio Hall voru áttavíltir í Queens fyrir 30 árum.



Útbrunninn Wesley Snipes ofleikur skemmtilega. MYNDIR/SKJÁSKOT

vantar tilfinnanlega son til þess að kvæna prinsessu nágrannaríkis og koma þannig í veg fyrir stríð. Allt er þetta margþvælt og þreytt og því miður átakanlega ófyndið.

Svo allrar sanngirni sé gætt er rétt að halda því til haga að undirrituðum þótti Coming to America frekar leiðinleg og hló lítið með salnum í Háskólalabíói á sínum tíma. Þannig að væntingarnar voru ekki miklar til framhaldsins sem tókst engu að síður að valda vonbrigðum.

### Úldið grín

Kjarninn í gríni gömlu myndarinnar var árekstur ólíkra menningarheima og hversu á skjön Akeem var við allt og alla í New York. Framhaldsmyndin hangir á sömu grunn-

hugmynd nema nú er öllu snúið á hvolf og úreltir og fullkomlega skrumskældir menningarheimar rekast nú á.

Zamunda minnir helst á einhvers konar glansmynd af Sádi-Arabíu þar sem konurnar eru almennt voða gladar en mega hvorki erfa krúnuna né eiga fyrirtæki auk þess sem ekkert er sjálfsgæðara en að þrjár naktar „baðkonur“, eða ambáttir öllu heldur, skelli sér í pottinn til þess að þrifa ríkisarfann.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um hversu óbærilega úrelt og glatað þetta er allt saman en af myndinni mætti ætla að nákvæmlega ekkert hafi gerst á síðustu 30 árum í gerð gamanmynda eða bara heiminum yfirleitt.

Eitthvað er þó verið að rembast við að rétta kynjahallann í ódýrum endalokum sögunnar en þær björgunaraðgerðir eru, eins og flest annað, átakanlega hallærislegar og bæta engan veginn fyrir að höfundum hafi dottið þessi grínforneifafraði í hug til að byrja með.

### Wesley Snipes í stuði

Auk Murphys endurtaka helstu leikarar fyrri myndarinnar rullur sínar og tekst í örfaum tilfellum að kalla fram smá nostalgíu. Arsenio Hall er enn ágætur Semmi, hægri hönd prinsins, og aldurhniginn James Earl Jones er merkilega brattur sem gamli kóngurinn.



KiKi Layne reynir að rétta hlut kvenna í súrum heimi Zamunda.

John Amos bregst heldur ekki í hlutverki tengdapabbs og hamborgarakónsins McDowell en mest reynir er yfir Shari Headley í hlutverki drottningarinnar af Zamunda, sönnu ástarinnar sem Akeem fann í Queens fyrir 33 árum.

KiKi Layne er óflugasti nýliðinn sem elsta prinsessan, sem lætur ekki bjóða sér að þegja bara og vera sæt. Jermaine Fowler er hins vegar ósköp ráðvilltur sem týndi sonurinn og hefur ekki gramm af þeim gamanleikhæfileikum sem Murphy sýndi í fyrstu myndinni.

Sagan er svo máttlaus og myndin samhengislaus að hún stendur ekki undir lengdinni þannig að itrekað er skipt yfir í tónlistar- og dansatriði sem mögulega eru það skemmtilegasta við myndina enda skjóta þar upp kollinum til dæmis En Vogue, Gladys Knight og Salt-N-Pepa í hörkustuði.

Hinn guðdómlegi Morgan Freeman er einnig ánægjulegur leynigestur en líklega segir allt sem segja þarf að Wesley Snipes er skemmtilegastur í þessu partíi sem króníska boðflennan, vondi herferðingur nágrannaríkisins.

Þórarinn Þórarinsson

**NIÐURSTADA:** Salurinn hló víst eitthvað að Coming to America 1988 en sem betur fer er enginn salur lagður undir ófyndið og óþarf framhaldið sem keyrir á úreltu gríni og úldnum staðalmyndum og er ekki bíóferðar virði þótt líklega drepi það engan að streyma myndinni. Tekur því samt tæplega.



# BAUHAUS®



Heill heimur af rafmagnsverkfærum!



**118.995.-**

**DEWALT**

**Veltisög**  
GV 1500493A  
DW743N. 2000 W. 2850 snún./mín.  
Pv. sagarblaðs 250 mm. 700 x 670 x 750 mm (L x D x H)



**32.995.-**

**metabo**

**Höggbor-/skrúfvél**  
GV 1161959A - SB 18L. 1.350 snún./mín. Snúningsvægi 25-50 Nm. Þvermál borunar í múr/stál og tré: 10/10/20 mm. 2 stk. 2,0 Ah Li-ion rafhlöður. Rafhlöður og hleðslutæki fylgja. Plasttaska með fylgihlutum fylgir



**24.995.-**

**metabo**

**Hjólsög**  
GV 1160296A - KS 55 FS.  
Þessi kraftmikla hjólsög er með titringsdempara og skriðvarnargúmmi á handfanginu. 1.200 W, 5.600 snún./mín. Pv. sagarblaðs 160 x 20 mm.



**Kjarakaup**

**RYOBI sett fyrir alla handagna**  
GV 1161504A  
R18DD3. Snúningsvægi 50 Nm. 2 gírar. 0-500/0-1.800 snún./mín. 13 mm slitpólin borpatróna. Innih: 1 stk. 2.0 Ah og 5.0 AH Li-Ion rafhlöður og sterkbyggða verkfæratoösku.

**34.995.-**

**41.995.-**

**RYOBI**



Eitt mesta úrval landsins af skrúfum og smávöru!

**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

Með fyrirvara um myndbrengr, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudeginum 4. mars til og með 24.mars meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800  
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is



# Hjartað getur brotnað á svo margan máta

**Klara** er flutt aftur heim til Íslands eftir ellefu ár í Los Angeles. Hún upplifði mikla hræðslu meðan á óeirðum stóð í borginni. Hefur samið fyrir aðra síðustu árin og stórstjórnur sýnt lögnum áhuga. Hún stjórnar karóki-kvöldi á Miami alla fimmtudaga.

**K**lara Ósk Elíasdóttir gerði garðinn frægan á sínum tíma í stúlkna hljómsveitinni Nylon. Síðar stofnaði hluti sveitarinnar hljómsveitina The Charlies og fluttust þær út til Los Angeles í Bandaríkjunum, þar sem Klara bjó í ellefu ár. Í borginni gat Klara sé gott orð sem lagasmíður fyrir aðra listamenn, og lagði hún sönginn tíma bundið á hilluna meðan á því stóð, ef frá er talið að hún söng allt sjálf í stúdíóinu þegar lögin voru samín. Ákveðin vatnaskil urðu á síðasta ári þegar Klara sá að hún var komin með efni í plötu og ákvað að grípa aftur í mikrófóninn.

„Ég var búin að vera að reyna að koma mér heim, það var alveg ótrúlega erfitt að fá flug, þau voru að falla niður og svona. Ég kem svo til landsins fyrir jól og er tiltölulega nýbúin að ákveða að fara ekkert aftur út,“ segir Klara sem kom heim fyrst og fremst til að geta verið með fjölskyldunni sinni í heimsfaraldrinum. „Maður spurði sig alveg stórfurðulegra spurninga á borð við: hvað ef ég kæmist ekki heim, hvað ef ég sæi þau ekki aftur. Þetta var eins og eitthvert stríðsástand þarna úti. Það var ekki bara útgöngubann heldur mjög miklar óeirðir í kringum Black Lives Matter.“

## Innbrot og brotnar rúður

Klara bjó með Ölmú Guðmundsdóttur sem var með henni í Nylon. „Stundum var þetta alveg sturlað. Við bjuggum sem sagt í Hollywood. Þetta hljómar kannski ýkt en þetta var alveg rosalega alvarlegt. Öllu ægði saman á þessum tíma. Við upplifðum mikla hræðslu. Ástandið var nógu slæmt vegna heimsfarald-

**VIÐ UPPLIFÐUM MIKLA HRÆDSLUNNI. ÁSTANDIÐ VAR NÓGU SLÆMT VEGNA HEIMSFARALDURSINS EN SVO BÆTAST ÓEIRÐIRNAR OG MÓTMÆLIN OFAN Á ÞAÐ, SEM STANDA Í MARGAR VIKUR.**

ursins en svo bætast óeirðirnar og mótmælin ofan á það, sem standa í margar vikur,“ segir Klara.

Brotist var inn í allar verslanir í hverfinu og flestar rúður brotnar.

„Það var mikið um „looting“ þar sem það var brotist inn í búðir og bókstaflega hreinsað út úr þeim og einnig var nokkuð um íkveikjur. Flest mótmælin fór friðsamlega fram. Þetta breyttist svo á kvöldin þegar skipulögðu mótmælin voru búin. Þá kom ruglið,“ segir hún.

Margir vinir Klöru tóku þátt til að mynda í mótmælunum. Það var síðan annar hópur sem olli óeirðunum í skjóli mótmælanna.

„Þetta voru alveg tveir ólíkir hlutir, mótmælin og óeirðirnar.“

## Erfiður missir

Klara hefur fyrst og fremst verið að semja fyrir aðra síðustu sex árin.

„Ég lagði eiginlega skóna svölitið á hilluna þegar það kemur að söngnum. Ég ætlaði ekkert að fara að syngja aftur. Ég hugsaði: „Þetta er bara komið gott, ég er búin að vera að gera þetta frá því að ég var átján ára gömul.“ Ég fékk bara næga útrás fyrir sönginn í „session“-unum, því allt sem ég samdi þurfti ég náttúrulega að syngja. Ég spila lítið á hljóðfæri þannig að ég stóla á röddina þegar ég er að semja. Öll demó syng ég til dæmis sjálf. Það var eiginlega af nákvæmlega sömu ástæðu að ég



Klara gaf út lagið Paralyzed á dögnum og sver er von er á smáskífu frá henni í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

kom heim og að ég byrjaði að syngja aftur,“ segir hún.

Á dögnum kom út lagið Paralyzed sem fjallar um erfið sambandsslit og ástarsorg. Klara byrjaði að semja fyrir aðra í kjölfar þeirra og sýna listamenn á borð við Christinu Aguilera og Demi Lovato lögnum áhuga.

„Fólk semur oft meira þegar því líður illa. En mín stærsta ástarsorg er að ég missti ömmu mína. Það var alveg rosalega erfitt að sjá á eftir henni og ég var ekki á Íslandi. Ástarsamband þarf ekkert að vera eina ástæðan fyrir brotnu hjarta, hjartað getur brotnað af svo mörgum

ástæðum og á svo margan máta.“

## Gott hópefli

Í kvöld stjórnar Klara karóki-kvöldi á skemmtistaðnum Miami.

„Mér finnst þetta fullkominn staður til að halda þetta. Mér líður alltaf eins og ég þurfi að vera smá skvís þegar ég kem þarna inn,“ segir Klara og hlær.

Æskuvinnur Klöru og rekstrarstjóri staðarins, Fannar Alexander Arason, fékk Klöru til að stjórna kvöldunum.

„Við erum búin að þekkja frá því að við vorum krakkar. Hann hafði samband, spurði hvort ég

væri til í þetta og mér fannst mjög einfalt að segja já við því. Karóki er mjög vinsælt úti. Þá fer maður og leigir karóki-herbergi kannski með vinkonum sínum. Þetta er líka bara svo skemmtilegt sem hópefli. Þetta er smá þannig að fólk er búin að mana sig upp í að taka fyrsta lagið, þá getur það ekki hætt að syngja,“ segir hún.

Von er á næstu smáskífu frá Klöru í apríl og svo kemur lengri stuttskífa í kjölfarið. Karókið í kvöld hefst klukkan 19.00 á Miami, Hverfisgötu, og er alla fimmtudaga. Aðgangur er ókeypis.

steingerdur@frettabladid.is

## DÝRALÆKNINGAR

Sérblað um dýralækningar kemur út 31. mars

Í þessu blaði geta dýralæknastofur og dýraspítalar leyft lesendum að fræðast um starfsemina, þjónustuna og fólkið á bak við stofuna sína.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími: 550-5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





# VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.  
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á [hastens.com](http://hastens.com).

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens   
since 1852

HÄSTENS VERSLUN  
Faxafeni 5, Reykjavík  
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Betra  
BAK**



# Amerískir dagar



## Sealy **PORTLAND** heilsurúm með classic botni



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Verðdæmi: 160 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 184.900 kr.

Aðeins **147.920 kr.**

## Sealy **SEATTLE** heilsurúm með classic botni



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Verðdæmi: 180 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins **151.920 kr.**

## Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með classic botni



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**Virkiliga vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttari stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

Verðdæmi: 160 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 264.900 kr.

Verðdæmi: 180 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 279.900 kr.

Aðeins **211.920 kr.**

**223.920 kr.**



## Styður við bakið á þér!



## Sealy **BROOKLYN** heilsurúm - dýna, botn, fætur og gafl

Brooklyn heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í gráu sléttflauei. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er millistíf yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Brooklyn 160 x 200 cm heilsurúm - Fullt verð: 279.900 kr.

Brooklyn 180 x 200 cm heilsurúm - Fullt verð: 299.900 kr.

Aðeins **223.920 kr.**

**239.920 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugard. kl. 11-17  
Sunnud. LOKAÐ

Holtagördum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

Upplýsingar eru birtar  
með fyrirvara um  
prentvillur.



# DORMA

Láttu drauminn rætast

## ER FERMING?

ÆTLAR ÞÚ AÐ KOMA  
FERMINGARBARNI Á ÓVART?



ALLAR  
SÆNGUR,  
ALLIR KODDAR  
OG ÖLL RÚMFÖT MEÐ

# 20%

FERMINGAR  
AFSLÆTTI



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN

## ALLTAF OPIN

### GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNSINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurúmum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur\* þegar keypt er PORTLAND eða SETTLE rúm frá Sealy (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.

## Sealy **PORTLAND** FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 155.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **124.720 kr.** með Aspen fjallahjól



140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 169.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **135.920 kr.** með Aspen fjallahjól

Fylgir  
Sealy Portland og Seattle í  
stærðunum 120 og 140 x 200 cm  
á meðan birgðir endast



### Aspen fjallahjól

- | 26" | 21 gir | Demparar á framöxli |
- | Diskabremsur að framan og aftan |
- | Standari | Glitaugu |

\* á meðan birgðir endast  
- athugið skilaskilmála.

## Sealy **SEATTLE** FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjól



140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 159.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **127.920 kr.** með Aspen fjallahjól

## Nature's **LUXURY** FERMINGARTILBOÐ



### Sérlega vandað heilsurúm

NATURE'S LUXURY er frábær heilsudýna með 20cm háum, svæðaskiptum poka-gormum. Að auki er dýnan er samsett úr 5 lögum af mismunandi svampi, þar af 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Nature's Luxury er 33 cm. Þar með talin er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega. Nature's Luxury er með vönduðu áklæði sem andar vel. Dýnan er millistíff en auka svamplögin gefa sérstaka lúxus-tilfinningu þegar lagst er í hana.



Val um svart  
eða hvítt PU leður  
eða grátt áklæði á  
Classic botni.

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 129.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **99.900 kr.**

140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 139.900 kr.  
Fermingartilboð aðeins **109.900 kr.**

Nature's  
Luxury 120 og 140 x 200

# 30.000 kr.

FERMINGAR  
AFSLÁTTUR

# DORMA

Láttu drauminn rætast



550 5000

RITSTJÓRN  
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD  
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN  
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.  
dreifing@postdreifing.is

## BAKÞANKAR

Kolbeins  
Marteinssonar



## Stríðsyfirlýsing

Eins og fjölmargir Íslendingar lenti ég í nokkru veseni með fjármál mín eftir Hrun. Stærsta vandamálið var kannski að ég hafði í raun ekkert spád í fjármálin. Þegar efnahagslífið fór svo á hliðina urðu þessir veikleikar og skipulagsleysi að miklu stærra vandamáli.

Á mig féllu skuldir og staðan var hunderfið. Þá settist ég niður skráði niður allar skuldir mínar og gerði áætlun. Fyrst greiddi ég niður eitt lán, því næst yfirdrátt og svo koll af kolli.

Í dag er húsnæðislánið fyrir utan námslánið eitt eftir. Ég lýsti yfir stríði við það lán fyrir nokkrum árum. Sú stríðsyfirlýsing felur í sér að ég ætla að ganga frá þessu láni eins hratt og örugglega og mér er frekast kostur. Þannig hef ég fært orrustuna frá viðskiptabanka mínum í lífeyrissjóð með það eitt að elta lægri, fasta, óverðtryggða vexti. Ég hef aldrei haft herra tímakaup á ævinni en þegar ég stóð í að skuldbreyta húsnæðisláni okkar. Í dag er lánið aftur komið í viðskiptabanka minn töluvert veikara en fyrir nokkrum árum. Ég lít svo á að við fjölskyldan séum að sama skapi sterkari.

Staðreyndin er sú að húsnæðislán er stærsta skuldbinding okkar flestra. Þess vegna eigum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til að greiða þá skuldbindingu niður eins hratt og okkur er kostur. Það hefur verið sagt að það sé hægt að reka þýska hagkerfið í nokkur ár á sparnaði þjóðverja. Þangað ættum við líka að stefna. Það yrði mikill þjóðarhagur sem myndi skila sér í sterkara hagkerfi og betri andlegri liðan okkar allra.

Leggðu því frá þér kaffibollann, lemdu hnefa í borð og lýstu yfir stríði við húsnæðislánið. Þú munt þakka þér fyrir það síðar.

## D-vítamínbætt Léttmjólk

– eins og hollur  
sólargeisli



## BYKO



**25%  
afsláttur**  
af öllum  
útiljósum



Alþjóðlegi  
vöfludagurinn er  
25. mars

**20%  
afsláttur**  
af öllum  
vöflujárnum

## DREMEL



**20%  
afsláttur**  
af öllum Dremel  
verkfærum  
og aukahlutum



**20%  
afsláttur**  
af öllum  
háþrýstidælum

## BOSCH Invented for life



**20%  
afsláttur**  
Bosch geirungs-  
og borðsagir



**25%  
afsláttur**  
af öllum  
bökunar-  
formum

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndabrengl.

Komdu og gramsaðu!

## MARKAÐDAGAR

Við bætum við nýjum vörum daglega.

Síðustu dagar • 30% lækkað verð

Verslaðu á netinu [byko.is](http://byko.is)



## BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN